

Knattspyrnusamband Íslands



2015

**70. ársþing KSÍ
Skýrslur nefnda**

Efnisyfirlit

Stjórn og nefndir KSÍ	2
Skýrsla landsliðsnefndar karla	4
Skýrsla U21 landsliðsnefndar karla	5
Skýrsla unglinganefndar karla	6
Skýrsla landsliðsnefndar kvenna	8
Skýrsla unglinganefndar kvenna	9
Skýrsla framkvæmdanefndar úrslitakeppni EM U17 kvenna	10
Skýrsla mótanefndar	21
Skýrsla dómarnefndar	28
Skýrsla aga- og úrskurðarnefndar	35
Skýrsla háttvísinefndar	36
Skýrsla samninga- og félagaskiptanefndar	38
Skýrsla fræðslunefndar	40
Skýrsla útbreiðslunefndar	44
Skýrsla hæfileikanefndar	46
Skýrsla mannvirkjanefndar	53
Heiðursviðurkenningar	54

Yfirlit yfir kærur og úrskurði má sjá í skýrslu stjórnar og á vef KSÍ undir www.ksi.is/log-og-reglugerdir/domasafn/

Yfirlit landsleikja ársins má sjá á vef KSÍ undir www.ksi.is/landslid/landsleikir/

Yfirlit þeirra landsliðsmanna sem tóku þátt í verkefnum ársins má sjá á vef KSÍ undir www.ksi.is/mot/leikir-mork-lids/

Stjórn og nefndir KSÍ

Stjórn (ársþing)

Geir Þorsteinsson	formaður
Guðrún Inga Sívertsen	varaformaður
Gylfi Þór Orrason	gjaldkeri
Gísli Gíslason	ritari
Jóhannes Ólafsson	
Róbert B. Agnarsson	
Rúnar V. Arnarson	
Ragnhildur Skúladóttir	
Vignir Már Þormóðsson	

Varastjórn (ársþing)

Ingvar Guðjónsson
Jóhann Torfason
Þórarinn D. Gunnarsson

Landshlutafulltrúar (ársþing)

Valdemar Einarsson	Austurland
Björn Friðbjólfsson	Norðurland
Tómas Þóroddsson	Suðurland
Jakob Skúlason	Vesturland

Framkvæmdastjórn

Geir Þorsteinsson	formaður
Gísli Gíslason	
Guðrún Inga Sívertsen	
Gylfi Þór Orrason	
Róbert B. Agnarsson	

Rekstrarstjórn Laugardalsvallar

Geir Þorsteinsson	formaður
Gylfi Þór Orrason	
Ingvar Sverrisson	
Klara Bjartmarz	
Ómar Einarsson	

Dómaranefnd

Gylfi Þór Orrason	formaður
Ari Þórðarson	
Bragi Bergmann	
Gísli Gíslason	
Kristinn Jakobsson	
Jón Sigurjónsson	
Pjetur Sigurðsson	
Magnús Þórisson	
Þórarinn Gunnarsson	

Fjárhagsnefnd

Gylfi Þór Orrason	formaður
Eggert Steingrímsson	
Ragnhildur Skúladóttir	
Rúnar Arnarson	

Fræðslunefnd

Ragnhildur Skúladóttir	formaður
Guðni Kjartansson	
Gylfi Þór Orrason	
Sigurður Þórir Þorsteinsson	
Sigurður Sighvatsson	
Sigvaldi Einarsson	
Örn Ólafsson	

Laga- og leikreglanefnd

Gísli Gíslason	formaður
Guðmundur H. Pétursson	
Þórarinn Gunnarsson	

Landsliðsnefnd karla

Rúnar Arnarson	formaður
Jóhannes Ólafsson	
Róbert Agnarsson	
Þorgrímur Þráinsson	

Landsliðsnefnd kvenna (A og U21)

Guðrún Inga Sívertsen	formaður
Arna Steinsen	
Erla Hendriksdóttir	
Íris Sæmundsdóttir	
Laufey Sigurðardóttir	
Hanna Dóra Magnúsdóttir	
Ragnhildur Skúladóttir	

Landsliðsnefnd U21 karla

Vignir Þormóðsson	formaður
Einar Kristján Jónsson	
Gísli Gíslason	
Jónas Þórhallsson	
Steinn Halldórsson	

Unglinganefnd karla (U19 og U17)

Þórarinn Gunnarsson	formaður
Gunnar Gunnarsson	
Ingvar Guðjónsson	
Jóhann Torfason	
Magnús Brandsson	
Ómar B. Stefánsson	
Þórður Lárusson	

Unglinganefnd kvenna (U19 og U17)

Ragnhildur Skúladóttir	formaður
Hanna Dóra Markúsdóttir	
Jakob Skúlason	
Kristbjörg Ingaóttir	
Sigríður Pálsdóttir	
Sigrún Ríkharðsdóttir	
Tómas Þóroddsson	

Mannvirkjanefnd

Gísli Gíslason	formaður
Bjarni Þór Hannesson	
Jón Runólfsson	
Margrét Leifsdóttir	
Kristján Ásgeirsson	
Rúnar Arnarson	
Þorbergur Karlsson	

Mótanefnd

Róbert B. Agnarsson	formaður
Atli Þórsson	
Björn Friðbjólfsson	
Ingvar Guðjónsson	
Katla Guðjónsdóttir	
Valdemar Einarsson	
Þórarinn Gunnarsson	

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2015

Samninga- og félagaskiptanefnd

Jóhannes Ólafsson formaður
Stefán Geir Þórisson
Örn Gunnarsson
Gísli Hall (til vara)
Guðmundur H. Pétursson (til vara)
Jóhann Albertsson (til vara)

Útbreiðslunefnd

Vignir Már Þormóðsson formaður
Björn Friðþjófsson
Jakob Skúlason
Tómas Þóroddsson
Valdemar Einarsson
Vigfús Örn Gíslason (til vara)
Ómar B. Stefánsson (til vara)
Magnús Ásgrímsson (til vara)
Trausti Hjaltason (til vara)

Hæfileikanefnd

Þórarinn Gunnarsson formaður
Einar Hermannsson
Hjördís Baldursdóttir
Kristbjörg Ingadóttir
Jóhann Torfason
Unnsteinn Jónsson
Þorsteinn Hilmarsson

Heilbrigðisnefnd

Reynir Björn Björnsson formaður
Einar Jónsson
Friðrik Ellert Jónsson
Gauti Laxdal
Hjalti Kristjánsson
Hjörtur Þór Hauksson
Stefán Stefánsson
Guðrún Sigurðardóttir
Sveinbjörn Brandsson

Þjálfaranefnd

Atli Eðvaldsson
Ásgeir Sigurvínsson
Eyjólfur Sverrisson
Guðjón Þórðarson
Guðni Kjartansson
Helena Ólafsdóttir
Jóhannes Atlason
Jörundur Áki Sveinsson
Logi Ólafsson
Ólafur Jóhannesson
Sigurður R. Eyjólfsson
Vanda Sigurgeirsdóttir

Starfshópur um framkvæmd jafnréttisáætlunar

Guðrún Inga Sívertsen formaður
Helga Friðriksdóttir
Hörður Guðbjörnsson
Kristín Arnþórsdóttir
Pétur Magnússon

Framkvæmdanefnd EM U17 kvenna 2015

Guðrún Inga Sívertsen formaður
Ragnhildur Skúladóttir
Lúðvík S Georgsson
Þórarinn Gunnarsson
Jakob Skúlason

Siðanefnd (ársþing) til 2016

Albert Eymundsson formaður
Eiríkur Biörgvinsson
Kristrún Heimisdóttir
Hanna S. Sigurðardóttir (til vara)
Helgi Þorvaldsson (til vara)
Rósa Júlía Steinþórsdóttir (til vara)

Aga- og úrskurðarnefnd (ársþing) til 2017

Gunnar Guðmundsson formaður
Halldór Frímansson varaformaður
Sigurður Ingi Halldórsson varaformaður
Einar M. Árnason
Helgi R. Magnússon
Sigrún Óttarsdóttir
Sigurður Guðmundsson
Þróstur Ríkharðsson

Áfrýjunardómstóll KSÍ (ársþing)

Sigurður G. Guðjónsson forseti
Guðmundur Pétursson
Lúðvík Örn Steinarsson
Brynjar Níelsson (til vara)
Guðmundur Þórðarson (til vara)
Hörður Felix Harðarson (til vara)
Jóhannes A. Sævarsson (til vara)
Kolbeinn Árnason (til vara)

Leyfisdómur KSÍ (ársþing) til 2017

Gísli Hall formaður
Elías Hergeirsson
Ragnar Gíslason
Rúnar Gíslason
Stefán Gunnlaugsson

Leyfisráð KSÍ (ársþing) til 2017

Lúðvík S. Georgsson formaður
Eggert Steingrímsson
Guðmundur H. Pétursson
Stefán Bergsson
Örn Gunnarsson

Kjörnefnd (ársþing)

Steinn Halldórsson formaður
Borghildur Sigurðardóttir
Jónas Gestur Jónasson

Kjörnir skoðunarmenn (ársþing)

Dýri Guðmundsson
Haukur Gunnarsson
Elías Hergeirsson (til vara)
Þór Símon Ragnarsson (til vara)

Kjörinn endurskoðandi (ársþing)

Björn Ingi Victorsson

Skýrsla landsliðsnefndar karla

Í nefndinni sátu Rúnar Arnarson, formaður, Jóhannes Ólafsson, Róbert Agnarsson og Þorgrímur Þráinsson. Með nefndinni störfuðu Klara Bjartmarz og Gunnar Gylfason. Heimir Hallgrímsson og Lars Lagerbäck voru landsliðsþjálfarar og þeim til aðstoðar Guðmundur Hreiðarsson markvarðþjálfari. Læknar landsliðsins voru Baldur Þórólfsson, Gauti Laxdal, Haukur Björnsson, Reynir Björnsson og Sveinbjörn Brandsson. Sjúkraþjálfarar þeir Stefán Hafþór Stefánsson, Friðrik Ellert Jónsson og Rúnar Pálmarsson. Nuddari var Óðinn Svansson og búningastjóri var Sigurður Sveinn Þórðarson.

Verkefni og leikmenn

Landsliðið lék á árinu 11 leiki, sex leiki í undankeppni EM 2016 og fimm vináttulandsleiki. Sigur vannst í fjórum leikjum, fjögur jafntefli en þrír leikir töpuðust. Í þessum tíu leikjum léku 41 leikmaður og aðrir 5 leikmenn voru í hóp. Jón Daði Böðvarsson lék í 10 af þessum leikjum og þeir Ari Freyr Skúlason, Birkir Már Sævarsson, Jóhann Berg Guðmundson og Ragnar Sigurðsson léku í níu leikjum. Alfreð Finnbogason og Ólafur Ingi Skúlason léku sinn 25. landsleik á árinu. Aron Einar Gunnarsson, Birkir Már Sævarsson og Ragnar Sigurðsson léku sinn 50. landsleik. Arnór Ingvi Traustason, Elías Már Ómarsson, Guðmundur Þórarinnsson, Haukur Heiðar Hauksson, Hólmbert Aron Friðjónsson, Hörður Árnason, Kristinn Steindórsson, Oliver Sigurjónsson og Ólafur Karl Finsen léku sinn fyrsta A landsleik á árinu.

Undankeppni EM 2016 - riðlakeppni

Undankeppnin fyrir Evrópukeppnina í Frakklandi hélt áfram á árinu og átti eftir að verða söguleg, en Ísland var sem kunnugt er í geysisterkum riðli með Hollendingum, Tékkum, Tyrkjum, Lettum og Kasökum. Fyrsti leikur ársins var í mars gegn Kasökum í Astana. Eiður Smári Guðjohnsen skoraði sitt 25. landsliðsmark á 20. mínútu og Birkir Bjarnason bætti öðru marki við 12 mínútum síðar. Birkir skoraði svo síðasta mark leiksins í viðbótartíma og tryggði 0-3 sigur. Tékkar komu svo í heimsókn á Laugardalsvöllinn í byrjun júní. Gestirnir komust yfir á 55. mínútu en íslenska liðið sýndi styrk sinn og mörk frá Aroni Einari og Kolbeini Sigbórssyni tryggðu verðskuldaðan 2-1 sigur og efsta sætið í riðlinum. Keppnin hélt svo áfram í september og fyrsti leikur haustsins var gegn Hollendingum í Amsterdam. Rúmlega 3000 íslenskir stuðningsmenn urðu vitni að sögulegum 0-1 sigri Íslands á bronsþjóðinni frá HM árinu áður. Gylfi Þór Sigurðsson skoraði sigurmarkið úr vítaspyrnu á 51. mínútu. Fyrir leikinn gegn Kasakstan á Laugardalsvöllinum þremur dögum síðar var ljóst að jafntefli myndi tryggja sæti í úrslitakeppni EM í fyrsta sinn. Leikurinn var ekki eftirminnilegur fyrir neinar aðrar sakir en að þetta langþráða markmið náðist og Ísland var þriðja þjóðin til að tryggja sig inn í lokakeppnina. Síðustu leikirnir í riðlinum voru leiknir í október. Fyrst komu Lettar í heimsókn á Laugardalsvöllinn og mörk frá Kolbeini og Gylfa Þór komu Íslandi í 2-0 í fyrri hálfleik, en Lettar komu til baka og jöfnuðu leikinn í síðari hálfleik og þar við sat. Lokaleikurinn var gegn Tyrkjum í Konya og unnu Tyrkir þar 1-0 sigur með marki á lokamínútunum. Lokastaðan í riðlinum var því sú að Tékkar unnu með 22 stig, Ísland varð í öðru sæti með 20 stig, Tyrkir lentu í því þriðja með 18 stig og komust á EM með bestan árangur liða í 3ja sæti í undanriðlunum níu. Hollendingar hlutu 13 stig og Lettar og Kasakar 5 stig hvor þjóð.

Vináttulandsleikir

Fyrstu leikir ársins voru tveir vináttulandsleikir gegn Kanada í Orlando um miðjan janúar. Fyrri leikurinn vannst 1-2 með mörkum frá Kristni Steindórssyni og Matthíasi Vilhjálmssyni og sá síðari endaði með 1-1 jafntefli þar sem Hólmbert Aron skoraði mark Íslands úr vítaspyrnu. Næsti vináttuleikur var gegn Eistum í Tallinn í lok mars. Leiknum lauk með 1-1 jafntefli. Rúrik Gíslason skoraði mark Íslands eftir 9 mínútna leik. Tveir vináttuleikir voru svo leiknir í nóvember. Fyrri leikurinn var gegn Pólverjum í Varsjá. Gylfi Þór kom íslenska liðinu yfir snemma leiks en Pólverjar komust svo í 2-1 áður en Alfreð Finnbogason jafnaði á 69. mínútu, en Pólverjar bættu svo við tveimur mörkum og unnu 4-2 sigur. Síðasti leikur ársins var gegn Slóvökum í Zilina fjórum dögum síðar. Alfreð kom Íslandi yfir snemma leiks en þrjú mörk heimamanna í síðari hálfleik tryggðu þeim 3-1 sigur.

Lokaorð

Mörg spennandi verkefni bíða okkar á nýju ári og eru töluverðar væntingar gerðar til liðsins. Þegar fara saman gott lið og gott þjálfarateymi, þá getur allt gerst. Megi árið 2016 verða okkur gæfuríkt og margir sigrar vinnast. Ég vil þakka öllum þeim leikmönnum sem tóku þátt í landsleikjum á árinu kærlega fyrir samstarfið. Einnig vil þakka þjálfurum og öllu því starfsfólki sem starfaði með landsliðinu á árinu fyrir frábær störf.

Rúnar V. Arnarson, formaður

Skýrsla U21 landsliðsnefndar karla

Nefndina skipuðu Vignir Már Þormóðsson formaður, Gísli Gíslason, Steinn Halldórsson, Jónas Þórhallsson og Einar Kristján Jónsson. Starfsmaður nefndarinnar var Guðlaugur Gunnarsson. Þjálfari liðsins var Eyjólfur Sverrisson, aðstoðarþjálfari Tómas Ingi Tómasson, markmannsþjálfari Þórður Þórðarson, læknar þeir Hjalti Kristjánsson og Rólfant Dahl Christiansen, sjúkraþjálfari Róbert Magnússon og búningastjóri Lúðvík Jónsson.

Undankeppni EM 2011

Gerð hefur verið sú breyting á úrslitakeppninni að 12 lið leika til úrslita í Póllandi 2107 í stað 8 áður. Ísland dróst í 6 liða riðil með Frakklandi, Makedóníu, N-Írlandi, Úkraínu og Skotlandi. Leikið er í sjö 6 liða riðlum og tveimur 5 liða - sigurvegarar riðlanna 9 vinna sér keppnisrétt í úrslitakeppninni en fjögur lið með bestan árangur í í öðru sæti keppa síðan heima og heiman um tvö síðustu sætin. Þeir leikir fara fram í nóvember nk. Tólfliða liðið er síðan gestgjafarnir.

Liðið lék alls sex leiki á árinu, sá fyrsti var vináttulandsleikur gegn Rúmenum 26. mars á Trans Sil Stadium í Targu Mures í Rúmeníu. Þjálfararnir notuðu þennan leik til að skoða þá leikmenn sem léku erlendis og vildu skoða þá í ýmsum stöðum á vellinum því haldnar höfðu verið æfingar um veturinn fyrir þá leikmenn sem léku á Íslandi þar sem þeir voru skoðaðir með það sama í huga. Rúmenar voru mun sterkari aðilinn í leiknum og unnu sanngjarnan 3-0 sigur. Fyrsta markið var skorað á 8. mínútu og bættu þeir síðan við mörkum á 48. og 50. mínútu. Ísland náði ekki að skapa nein veruleg marktækifæri í leiknum.

Fyrsti leikur undankeppni EM var leikinn að Hlíðarenda 11. júní gegn Makedóníu. Nokkrar breytingar voru gerðar á liðinu frá vináttuleiknum gegn Rúmeníu, sem og stöðubreytingar. Í fyrri hálfleik var jafnræði með liðunum, Makedónía átti nokkrar sendingar inn fyrir vörn Íslands en okkar menn vörðust vel. Íslenska liðið mætti mun ákveðnara til leiks í seinni hálfleik og náði forystu með glæsilegu skallamarki Elíasar Más Ómarssonar á 55. mínútu. Strákarnir létu svo kné fylgja kviði og bættu við tveimur mörkum og í bæði skiptin var það Höskuldur Gunnlaugsson sem setti þau - á 61. og 67. mínútu. Íslenska liðið var svo nær því að bæta við mörkum frekar en Makedónía að minnka muninn.

Næsti leikur EM var leikinn gegn Frökkum 5. september á Kópavogsvelli. Frakkar mættu með geysisterkt lið minnugir úrslita síðustu viðureignar þjóðanna, sem léku einnig saman í síðustu undankeppni. Frakkarnir byrjuðu leikinn af krafti og greinilegt var að íslenska liðið lagði upp með að beita skyndisóknum í leiknum, sem gekk eftir, því eftir góða skyndisókn braut markmaður Frakka á Ævari Inga innan vítateigs, víti dæmt og rautt spjald á markmann Frakka var staðreynd. Fyrirliðinn Oliver Sigurjónsson tók vítið. Varamarkmaður Frakka varði vítið en Oliver tók frákastið og skoraði örugglega. Þrátt fyrir að Frakkar væru orðnir einum færri héldu þeir áfram að sækja og náðu að jafna leikinn á 39. mínútu. Íslensku strákarnir byrjuðu svo síðari hálfleikinn af krafti og á 48. mínútu náði Hjörtur Hermannsson að skora laglegt mark með skalla. Eftir markið datt Íslenska liðið aftar á völlinn, Frakkar sóttu meira en íslenska liðið átti hættulegar skyndisóknir. Úr einni slíkri eftir laglegt spil var aftur dæmt víti á 85. mínútu þegar brotið var á Höskuldi Gunnlaugssyni. Aftur stillti Oliver boltanum upp á vítapunktinn og skoraði að þessu sinni örugglega úr spyrnunni. Frakkar náðu síðan að minnka muninn á 90. mínútu en nær komust þeir ekki og 3-2 sigur á Frökkum staðreynd.

Þriðji leikurinn í undankeppninni var einnig heimaleikur og nú var leikið á Fylkisvelli 8. september við N-Írland. Leiðindaveður var á leikdag, mikill vindur og rigningarskúrir gengu yfir á meðan leik stóð. Eftir góð úrslit úr fyrstu tveimur leikjunum var búist við því að N-Írar myndu liggja til baka og beita skyndisóknum og varð það raunin, sér í lagi eftir að N-Írar náðu forustunni eftir hornspyrnu strax á 2. mínútu. Eftir það sótti íslenska liðið og N-Írar beittu skyndisóknum án þess að ógna íslenska markinu. Sókn Íslands bar árangur á 39. mínútu þegar Aron Elís Þrándarson skoraði með hnitmiðuðu skoti frá vítateigslínunni. Stuttu síðar fékk íslenska liðið dauðafæri til að ná forystu í leiknum en skot Elíasar Más Ómarssonar fór framhjá markinu. Í síðari hálfleik sótti íslenska liðið stanslaust, en illa gekk að skapa góð færi enda völlumurinn blautur og þungur eftir rigningarnar. Svekkjandi 1-1 jafntefli því niðurstaðan.

Fjórði leikurinn var útileikur gegn Úkraínu. Vegna ótryggs ástands í Úkraínu var ákveðið að fara til Þýskalands, æfa þar í tvo daga, og fara síðan til Úkraínu daginn fyrir leik. Leikið var á KP Tcentraly Stadion í Cherkasy sem er um 170 km frá Kiev. Búist var við að leikmenn Úkraínu kæmu mjög ákveðnir til leiks þar sem þeir voru aðeins búnir að leika einn leik í keppninni, gegn Makedóníu á útivelli, sem þeir töpuðu. Úkraína sótti líka meira í leiknum en íslenska liðið hélt boltanum oft vel og beitti skyndisóknum sem höfðu fram að þessu skilað góðum árangri í keppninni. Úr einni slíkri náði Árni Vilhjálmsson, eftir

mikið harðfygli, að skora á 71. mínútu með skoti rétt fyrir utan vítateigs. Úkraína sótti stíft það sem eftir lifði leiks en íslenska vörnin var þétt fyrir með Frederik Schram öryggið uppmálað í markinu. Góður 0-1 útsigur á Úkraínu staðreynd.

Frá Úkraínu var haldið til Skotlands, nánar tiltekið til Aberdeen, þar sem fimmti leikur undankeppninnar fór fram á Pittodrie Stadium. Nokkuð jafnræði var með liðunum og má segja að leikurinn hafi verið tvískiptur - íslenska liðið var betra í fyrri hálfleik en það skoska í þeim síðari. Hvorugu liðinu tókst þó að skora mark og var niðurstaðan því 0-0 jafntefli.

Leikmenn

Alls tóku tuttugu og fjórir leikmenn þátt í öllum leikjum ársins. Þar af tóku nítján leikmenn þátt í mótssleikjunum fimm á árinu. Orri Sigurður Ómarsson, Aron Elís Þrándarson, Elías Már Ómarsson, Adam Örn Arnarson, Böðvar Böðvarsson, Höskuldur Gunnlaugsson, Sindri Björnsson og fyrirliðinn Oliver Sigurjónsson náðu að vera í byrjunarliði alla mótssleiki ársins.

Lokaorð

Árangurinn á þessu ári var góður - þrjár sigrar, tvö jafntefli og eitt tap í vináttulandsleik. Liðið situr á toppi riðilsins með 11 stig þegar forkeppnin er hálfnuð. Við eigum eftir að spila fimm erfiða leiki á árinu, þar af þrjú útileiki. Metnaður leikmanna, þjálfara og starfsmanna liðsins stendur að sjálfsögðu til þess að fara alla leið til Póllands 2017. Möguleikarnir eru vissulega til staðar að vinna riðilinn eða komast í umspil, en það þarf áfram að halda vel á spöðunum og fullri einbeitingu til þess að sá draumur verði að veruleika. Með góðum árangri U21 landsliðsins aukast líkurnar á góðu A-landsliði. Núverandi A-landslið er lifandi dæmi. Þess vegna er afar mikilvægt að hlúa vel að okkar yngri landsliðum og veita þeim þá umgjörð og þau verkefni sem þarf til að ná árangri og vera áfram samkeppnishæf við bestu fótboltaþjóðir Evrópu.

Að lokum vil ég þakka samnefndarmönnum mínum, leikmönnum, þjálfurum, sjúkraþjálfurum, læknum, liðsstjórum og starfsmönnum á skrifstofu KSÍ fyrir mjög gott samstarf.

Vignir Már Þormóðsson, formaður

Skýrsla unglínganefndar karla

Nefndina skipuðu Þórarinn Dúi Gunnarsson, formaður, Gunnar Gunnarsson, Ingvar Guðjónsson, Jóhann Torfason, Ómar Bragi Stefánsson, Magnús Brandsson og Þórður Georg Lárusson. Starfsmaður nefndarinnar var Gunnar Gylfason.

Starfssvið nefndarinnar er sem fyrr umsjón með drengja- og unglíngalandsliðum Íslands. Halldór Björnsson var ráðinn þjálfari U17 landsliðsins í ársbyrjun og Þorvaldur Örylgsson ráðinn þjálfari U19 landsliðsins. Freyr Sverrisson hafði áfram umsjón með verkefnum U16 og U15, úrtökumóti og knattspyrnskólanum, ásamt því að vera aðstoðarþjálfari U17. Dean Martin var aðstoðarþjálfari U19, liðsstjórar liðanna voru Gunnlaugur Hreinsson hjá U17 og Þuríður Guðnadóttir hjá U19. Læknar í ferðum liðanna voru Kristján Hauksson, Rólant Christiansen og Viktor Sigurðsson og sjúkraþjálfarar Halldór Svavar Sigurðsson, Róbert Henn og Rúnar Pálmarsson.

U17 - Leikmenn fæddir 1998 og síðar

Liðið komst áfram í milliriðil Evrópumótsins og leikið var í Rússlandi. Til undirbúnings voru leiknir tveir vináttulandsleikir gegn Norður-Írum í Kórnum í byrjun febrúar og unnust báðir leikirnir 1-0. Mark Íslands í fyrri leiknum skoraði Daði Snær Ingason og markið í þeim síðari skoraði Erlingur Agnarsson.

Milliriðill EM

Milliriðillinn var leikinn í Krasnodar í Rússlandi og auk heimamanna og Íslands voru Austurríki og Wales í riðlinum. Fyrsti leikurinn var gegn Austurríki. Eina mark leiksins var Austurríkismanna úr vítaspyrnu í fyrri hálfleik. Annar leikurinn var gegn Rússum, sem unnu öruggan 4-0 sigur eftir að hafa leitt 1-0 í hálfleik. Þriðji leikurinn, sem var gegn Wales, tapaðist svo 1-0 og því varð neðsta sætið hlutskipti íslenska liðsins. Austurríkismenn og Rússar komust áfram í úrslitakeppnina sem leikin var í Frakklandi og þar náðu Rússar alla leið í undanúrslit.

U17 - Leikmenn fæddir 1999 og síðar

Dagskrá þessa liðs var með hefðbundnu sniði, Undirbúningsmót UEFA í apríl, Norðurlandamót í ágúst og undankeppni Evrópumótsins í september.

Undirbúningsmót í Færeyjum

Auk heimamanna og Íslendinga tóku Norður-Írur og Walesverjar þátt í mótinu.

Fyrsti leikurinn var gegn Wales sem komst yfir snemma leiks en mörk frá Jónatan Inga Jónssyni og Torfa Tímóteusi Gunnarssyni tryggðu 2-1 sigur íslenska liðsins. Annar leikurinn var gegn Norður-Írum sem komust í 2-0 á fyrstu fimm mínútum leiksins, en íslenska liðið sneri blaðinu við og vann 2-3 sigur með mörkum frá Jónatan, Torfa og Atla Hrafni Andrasyni. Þriðji leikurinn, gegn heimamönnum, endaði 1-1. Torfi kom íslenska liðinu yfir í byrjun síðari hálfleiks, en Færeyingar jöfnu skömmu síðar og þar við sat. Færeyingar unnu svo vítaspyrnukeppni sem er hluti mótsreglna ef leikir fara jafntefli og fengu fyrir það eitt aukastig. Ísland hlaut 7 stig í mótinu, Wales 6, Færeyingar 5 og Norður Írar ekkert.

Opna Norðurlandamótið

Mótið var að þessu sinni haldið í Noregi 4.-9. ágúst. Var íslenska liðið í riðli með Svíum, Bandaríkjamönnum og Færeyingum. Fyrsti leikurinn var gegn Svíum, sem unnu öruggan 3-0 sigur. Annar leikurinn var gegn Bandaríkjamönnum og vann íslenska liðið 0-2 sigur og voru bæði mörkin sjálfsmörk andstæðinganna. Þriðji leikurinn, gegn Færeyingum, vannst 2-0 með mörkum frá Arnóri Sigurðssyni og Kolbeini Birgi Finnssyni. Svíar unnu riðilinn með 9 stig, Ísland hlaut 6, Bandaríkin 3 og Færeyingar ekkert. Í leiknum um bronsið voru mótherjarnir Danir og lauk leiknum með markalausum jafntefli, en íslenska liðið tryggði sér 3. sætið eftir sigur í vítaspyrnukeppni 5-4.

Undankeppni EM

Riðill Íslands í undankeppni Evrópumótsins var leikinn hér á landi í lok september. Öll liðin og dómarar gistu á hótelum í Reykjanesbæ og liðin æfðu þar og í Njarðvík, Sandgerði og Garði. Auk íslenska liðsins voru Danir, Grikkir og Kasakar í riðlinum. Fyrsti leikur Íslands var gegn Kasökum í Grindavík. Lokatölur urðu 5-0 fyrir íslenska liðið eftir að liðið var 4-0 yfir í hálfleik. Jónatan Ingi skoraði tvö mörk og þeir Atli Hrafni, Ísak Atli Kristjánsson og Axel Þór Hauksson sitt markið hver. Annar leikurinn var gegn Grikkjum á Laugardalsvelli. Kolbeinn Birgir kom Íslandi yfir fljótlega í seinni hálfleik en Grikkirnir jöfnuðu um miðjan hálfleikinn og þar við sat. Lokaleikurinn var gegn Dönnum á Nettóvellinum í Keflavík. Danir unnu 0-2 sigur og tryggðu sér sigur í riðlinum með 7 stig, Grikkir hlutu 5 stig, Ísland hlaut 4 og Kasakar ekkert.

Í lok nóvember var svo ljóst að íslenska liðið kæmist áfram í milli riðil sem eitt af 5 bestu liðunum í þriðja sæti riðla undankeppinnar. Dregið var í milli riðla í byrjun desember og dróst íslenska liðið í riðil með Frökkum, Austurríkismönnum og Grikkjum og verður leikið í Frakklandi í lok mars 2016.

U19 – Leikmenn fæddir 1997 og síðar

Vináttulandsleikir

Liðið lék tvo vináttulandsleiki í byrjun október gegn Norður-Írum hér heima. Fyrri leikurinn var á Samsung-vellinum í Garðabæ og þar vann íslenska liðið 2-0 sigur með tveimur mörkum frá Alberti Guðmundssyni. Seinni leikurinn var á K&G vellinum í Sandgerði og þá unnu Norður-Írar 0-1 sigur.

Undankeppni Evrópumótsins

Íslenska liðið var í riðli með Danmörku, Ísrael og Möltu og var leikið á Möltu í nóvember. Fyrsti leikurinn var gegn Dönnum, sem komust yfir strax á 4. mínútu, en Daði Bærings Halldórsson jafnaði fyrir íslenska liðið í uppbótartíma og þar við sat. Næsti leikur var gegn Ísrael sem komst í 2-0 á fyrsta korterinu og svo í 4-0 áður en Sveinn Aron Guðjohnsen minkaði muninn í 4-1 sem urðu lokatölur leiksins. Þriðji leikurinn var gegn Möltu og þar vann íslenska liðið 0-1 sigur með marki frá Alberti úr vítaspyrnu. Ísraelar unnu riðilinn með 7 stig, Danir hlutu 5, Íslendingar 4 stig og Malta rak lestina með ekkert stig.

Lokaorð

Á árinu 2015 léku liðin tuttugu leiki og sigur og vannst í níu þeirra, liðin gerðu fjögur jafntefli og tapleikir urðu sjö. Árangur liðanna á árinu er þokkalegur en einungis U17 komst í milli riði Evrópumótsins.

Ég vil þakka fararstjórum, þjálfurum, læknum, sjúkrahjálfurum og liðstjórum liðanna fyrir mjög gott og árangursríkt starf á árinu. Meðnefndarmönnum mínum og starfsmanni nefndarinnar Gunnari Gylfasyni vil ég einnig þakka fyrir gott og árangursríkt samstarf.

Þórarinn Dúi Gunnarsson, formaður

Skýrsla landsliðsnefndar kvenna

Landsliðsnefnd kvenna var skipuð eftirtöldum árið 2015: Guðrún Inga Sívertsen formaður, Arna Steinsen, Erla Hendriksdóttir, Hanna Dóra Markúsdóttir, Laufey Sigurðardóttir, Íris Sæmundsdóttir og Ragnhildur Skúladóttir. Starfsmaður nefndarinnar var Klara Bjartmarz fyrri hluta ársins en Þorvaldur Ingimundarson tók við hennar starfi um mitt ár.

Hlutverk landsliðsnefndar er umsjón með A landsliði kvenna, en verkefni ársins voru vináttulandsleikir, Algarve-mótið og undankeppni EM 2017. Landsliðsþjálfari er Freyr Alexandersson, Ásmundur Haraldsson aðstoðarþjálfari, Ólafur Pétursson markmannsþjálfari, sjúkraþjálfararnir Jófríður Halldórsdóttir og Ásta Árnadóttir, lækni Óskar Valdórsson, nuddarar Margrét Unnur Sigtryggisdóttir og Erla Hendriksdóttir og liðsstjórar þær Margrét Ákadóttir og Laufey Ólafsdóttir.

Keppnistímabilið hófst með fjórum leikjum á Algarve mótinu í Portúgal. Fyrsti leikur liðsins var gegn gamalkunnugum mótherjum, Sviss, og tapaðist sá leikur, 2-0. Norðmenn voru næstu andstæðingar og komust þeir yfir eftir 9 mínútna leik og reyndist það eina mark leiksins. Lokaleikur riðilsins var svo gegn Bandaríkjunum og lauk þeim leik með markalausum jafntefli. Þetta var eini leikur mótsins sem Bandaríkin höfðu ekki sigur í en Ísland hafnaði að lokum í 10. sæti mótsins eftir 2-0 tap gegn heimsmeisturum Japans í leik um níunda sætið. Þó svo að liðið hafi ekki náð að skora mark á mótinu voru margir jákvæðir punktar, sérstaklega þegar kom að varnarleik og skipulagi liðsins. Þess má geta að allir mótherjar Íslands á Algarve léku í úrslitakeppni HM síðar um árið þar sem Bandaríkin lögðu Japan í úrslitaleik. Næsta verkefni var vináttulandsleikur gegn Hollandi í apríl en leikið var í Kórnum. Gestirnir komust yfir í fyrri hálfleik en mörk frá Gunnhildi Yrsu Jónsdóttur og Söru Björk Gunnarsdóttur, úr vítaspyrnu, tryggðu íslenskan sigur. Í apríl var svo dregið í undankeppni EM en úrslitakeppnin fer fram í Hollandi 2017. Ísland var í fyrsta styrkleikaflokki og lenti í riðli með Skotlandi, Slóveníu, Hvíta-Rússlandi og Makedóníu. Næsti leikur liðsins var svo einnig vináttulandsleikur en hann var gegn Slóvakíu á Laugardalsvelli í september. Hólmfríður Magnúsdóttir skoraði 2 mörk og þær Margrét Lára Viðarsdóttir og Sandra María Jessen bættu við sínu hvoru markinu í 4-1 sigri. Fimm dögum síðar var fyrsti leikur í undankeppni EM 2017 þegar tekið var á móti Hvít-Rússum. Í leik, þar sem Margrét Lára Viðarsdóttir lék sinn 100. landsleik, hafði íslenska liðið tógl og haldir. Hólmfríður og Dagný Brynjarsdóttir skoruðu í sitt hvorum hálfleiknum í 2-0 sigri. Þá tók við erfitt ferðalag í október þar sem leikið var gegn Makedóníu og Slóveníu. Frábær fyrri hálfleikur gegn Makedóníu skóp 4-0 sigur þar sem Margrét Lára (2), Glódís Perla Viggósdóttir og Harpa Þorsteinsdóttir skoruðu í fyrri hálfleik, en leikið var við erfiðar aðstæður í Skopje, á afar blautum og þungum velli. Gegn Slóveníu lék Hólmfríður Magnúsdóttir sinn 100. landsleik og þar lék liðið geysilega vel. Dagný og Harpa skoruðu báðar 2 mörk og þær Margrét Lára og Sandra María sitt markið hvor.

U23

Í janúar sl. spilaði U23 lið okkar æfingaleik við Pólland á heimavelli. Leikurinn vannst 3-1 með mörkum frá Elínu Mettu (2) og Katrínu Ásbjörnsdóttur. Verkefni sem þetta fyrir þennan aldurs hóp er mjög mikilvægt og brúar bilið sem er á milli U19 landsliðsins og A-liðsins. Það að þjálfarateymið nái að húa saman æfingahóp, æfa og spila æfingaleik, mun skila sér í þeirri uppbyggingu og endurnýjun á A-liðinu sem þarf.

Tímamótaleikir

Tímamótalandsleikirnir voru nokkrir á starfsárinu og ber þar helst að nefna að þær Margrét Lára Viðarsdóttir og Hólmfríður Magnúsdóttir léku sína 100. landsleiki. Margrét Lára gegn Hvít-Rússum á heimavelli en Hólmfríður gegn Slóveníu ytra. Þá lék Dagný Brynjarsdóttir sinn 50. landsleik gegn Noregi á Algarve og Harpa Þorsteinsdóttir lék einnig sinn 50. landsleik, gegn Hollandi í Kórnum.

Lokaorð

Alls lék A landslið kvenna 9 landsleiki á árinu, 6 vináttulandsleiki og 3 leiki í undankeppni EM. Sigrarnir urðu 5, einum leik lauk með jafntefli og 3 leikir töpuðust og var markatalan í þessum leikjum 18-7. Framundan er hörkubarátta í riðlinum í undankeppni EM 2017 en Ísland og Skotland hafa unnið alla sína leiki. Þjóðin sem hafnar í efsta sæti riðilsins tryggir sér sæti í úrslitakeppninni í Hollandi, sem og þær 6 þjóðir sem eru með bestan árangur í öðru sæti riðlanna átta. Þeim sem hafa staðið þétt við bakið á liðinu á árinu eru þökkúð góð störf. Þar ber helst að nefna fasta starfsmenn liðsins og nefndarfolk. Þá vil ég þakka starfsmönnum nefndarinnar, Klöru og Þorvaldi fyrir sitt góða starf sem og öðrum starfsmönnum KSÍ sem eru ávallt boðnir og búnir að aðstoða liðið. Síðast en ekki síst er leikmönnum þakkað fyrir þeirra ómetanlega framlag til íslenskrar knattspyrnu. Öllu þessu frábæra fólki er þakkað fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf á liðnu ári.

Guðrún Inga Sívertsen, formaður

Skýrsla unglínganefndar kvenna

Unglínganefnd kvenna var skipuð eftirtöldum árið 2015: Ragnhildur Skúladóttir, formaður, Jakob Skúlason, Kristbjörg Helga Ingadóttir, Sigríður Fanney Pálsdóttir, Sigrún Ríkharðsdóttir og Tómas Þóroddsson. Starfsmaður nefndarinnar var Klara Bjartmarz en Arnar Bill Gunnarsson tók við af henni þegar hún hóf störf sem framkvæmdastjóri.

Hlutverk unglínganefndar kvenna er umsjón með U19 og U17 landsliðum kvenna. Þórður Þórðarson var þjálfari U19 en honum til aðstoðar var Hjálmur Dór Hjálmsson.

Úlfar Hinriksson var þjálfari U17 og voru Vilhjálmur Kári Haraldsson, Krístrún Lilja Daðadóttir og Þórður Þórðarson honum til aðstoðar. Þá voru Gísli Þór Einarsson og Elías Örn Einarsson markmannsþjálfarar liðanna. Sjúkraþjálfarar voru þær Ásta Árnadóttir, Hildur Grímsdóttir og Guðrún Sigurðardóttir. Hjördís Smith, Hjörtur Þór Hauksson, Reynir Björn Björnsson, Sigurbjörn Björnsson, Valur Helgi Kristinsson, Sigrún Arnarsdóttir, Helga Þráinsdóttir, Kristján Hauksson, Baldvin Ingi Gunnarsson og Sveinn Rúnar Sigurðsson voru læknar liðanna. Liðsstjórar voru þær Kristbjörg Helga Ingadóttir, Margrét Ákadóttir, Sigríður Fanney Pálsdóttir, Laufey Ólafsdóttir og Guðlaug Jónsdóttir.

U19 – Kvinnalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1996 og síðar

Í febrúar lék íslenska liðið tvo vináttuleiki við Færeyjar í undirbúningsskyni fyrir milliriðla EM. Íslenska liðið sigraði í báðum leikjum örugglega. Fyrri leikurinn fór fram í Reykjaneshöllinni og var þetta í fyrsti sinn sem þar fór fram landsleikur. Ísland sigraði 5-0 með mörkum frá Örnú Dís Arnþórsdóttur (2), Andreu Rán Hauksdóttur, Esther Arnarsdóttur og Aldísi Ylfu Heimisdóttur. Síðari leikurinn var spilaður í Fífunni í Kópavogi og þar sigraði Ísland 6-1 og mörkin skoruðu Arna Dís Arnþórsdóttir (2), Guðrún Karítas Sigurðardóttir (2), Erna Guðjónsdóttir og Lillý Rut Hlynsdóttir.

Í byrjun apríl lék U19 landslið kvenna í milliriðli EM og fór riðillinn fram í Frakklandi. Í fyrsta leiknum var leikið gegn Frökkum og töpuðu okkar stúlkur illa 0-5. Næsti leikur tapaðist einnig, að þessu sinni 1-4 fyrir Rússum og skoraði Lillý Rut Hlynsdóttir mark Íslands. Síðasti leikurinn í riðlinum var gegn Rúmeníu og endaði hann með 3-0 sigri Íslands þar sem Hulda Hrund Arnarsdóttir, Heiðdís Sigurjónsdóttir og Hulda Ósk Jónsdóttir voru á skotskónum. Liðið endaði því með 3 stig og komst ekki áfram í lokakeppnina.

U19 – Kvinnalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1997 og síðar

Í september lék liðið í undankeppni EM í Sviss. Fyrsti leikur var gegn Georgíu og vann íslenska liðið öruggan 6-1 sigur. Mörk Íslands skoruðu þær Ingibjörg Sigurðardóttir (2), Selma Sól Magnúsdóttir, Hulda Hrund Arnarsdóttir, Bryndís Rún Þórólfsdóttir og Andrea Rán S. Hauksdóttir. Liðið tapaði óvænt gegn Grikklandi 2-1 í næsta leik. Markið skoraði Ingibjörg Sigurðardóttir. Ljóst var að sigur þurfti í lokaleiknum en hann tapaðist gegn sterku liði Sviss og sat íslenska liðið því eftir með sárt ennið og komast ekki í milliriðil.

Haustið 2016 hefst forkeppni fyrir EM U19 kvenna 2017. Þar mætum við Finnlandi, Færeyjum og Kasakstan en leikið verður í Finnlandi.

U17 – Kvinnalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1999 og síðar

Í apríl fór fram aukamót UEFA fyrir þennan aldursflokk og fór riðill Íslands fram í Færeyjum. Ísland lék þrjá leiki og var fyrsti leikurinn gegn Wales. Leiknum lauk með 3-1 sigri Íslands þar sem Rannveig Bjarnadóttir, Margrét Árnadóttir og Guðrún Gyða Haralz skoruðu mörk Íslands. Annar leikur liðsins var gegn Norður-Írum og lauk honum með 7-0 sigri. Þar skoruðu Guðrún Gyða (4), Rannveig (2) og Ásdís Karen Halldórsdóttir mörk Íslands. Lokaleikur Íslands var gegn Færeyjum og lauk þeim leik með 10-0 sigri okkar stúlkna. Mörkin skoruðu þær Hlín Eiríksdóttir (2), Margrét Árnadóttir (2), Dröfn Einarisdóttir, Harpa Karen Antonsdóttir, Kristín Dís Árnadóttir, Guðrún Gyða, Eyvör Halla Jónsdóttir og Ásdís Karen. Liðið vann því mótið sannfærandi.

Í byrjun júlí fór fram Norðurlandamót stúlkna í Danmörku. Ísland mætti með nokkuð laskað lið þar sem sjö leikmenn liðsins voru fjarverandi þar sem þeir spiluðu með 1998 árganginum í lokakeppni EM á svipuðum tíma. Íslenska liðið tapaði fyrstu tveimur leikjunum sínum gegn Svíþjóð og Noregi 1-0. Liðið tapaði 1-2 gegn Þjóðverjum í leik þrjú þar sem Aníta Lind Daníelsdóttir skoraði mark Íslands. Liðið lék lokaleik sinn gegn Englendingum og sigraði 1-0 með marki frá Rannveigu Bjarnadóttur.

Í október lék liðið í undankeppni EM í Svartfjallalandi. Fyrsti leikur var gegn heimaliðinu og vann íslenska liðið 3-0 sigur. Mörk Íslands skoruðu Aníta Lind Daníelsdóttir, Hlín Eiríksdóttir og Guðrún Gyða Haralz. Næsti leikur endaði með stórsigri Íslands á Færeyjum 8-0 og á skotskónum voru Guðrún Gyða (4),

Alexandra Jóhannsdóttir, Agla María Albertsdóttir, Aníta Lind og Ísold Kristín Rúnarsdóttir. Liðið var því komið áfram fyrir lokaleikinn gegn Finnlandi sem tapaðist 2-0.

Framundan eru leikir í milliriðli Serbíu í mars 2016. Þar mætum við Serbíu, Englandi og Belgíu.

U17 – Kvennalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1998 og síðar

Þar sem íslenska liðið tók ekki þátt í undankeppni EM lék liðið tvo vináttuleiki í Írlandi í mars. Báðir leikirnir töpuðust, 2-1 og 1-0, en það var Anna Rakel Pétursdóttir sem skoraði mark Íslands.

Í júní fór fram lokakeppni EM á Íslandi. Íslenska liðið lenti í gríðarlega sterkum riðli og töpuðust allir leikirnir. Fyrsti leikurinn var spilaður í Grindavík og þar sigruðu Þjóðverjar 5-0. Annar leikurinn tapaðist 3-1 á Akranesi gegn Englandi en Andrea Mist Pálsdóttir skoraði mark Íslands. Lokaleikurinn fór fram á Kópavogsvelli og þar sigruðu spænsku stelpurnar 2-0 en þær unnu síðan mótið með glæsibrag.

Lokaorð

Stórt knattspyrnuár er að baki hjá yngri landsliðum kvenna þar sem hæst ber þátttaka U17 í úrslitakeppni EM sem fram fór hér á landi. Þrátt fyrir að úrslitin hafi ekki verið okkur í hag, þá stóðu stelpurnar sig vel og veittu andstæðingum sínum öfluga mótspyrnu. Sú reynsla sem skapast við að taka þátt í úrslitakeppni á án efa eftir að nýttast leikmönnum vel í framtíðinni sem og þjálfurum og starfsfólki.

U17 lið (leikmenn fæddir 1999 og síðar) tekur þátt í milliriðli í Serbíu á vormánuðum og lofar þetta lið góðu fyrir framtíðina. U19 liðinu mistókst hins vegar að komast í milliriðil, sem var áfall, en fyrirfram var búist við því að það yrði hæðarleikur að ná því takmarki. Framundan eru tveir æfingaleikir við Skota fyrir U17 liðið, milliriðillinn í Serbíu í mars, æfingamót UEFA fyrir U16 í Finnlandi í apríl og Opna Norðurlandamótið fyrir sama aldur í Noregi í júní. Að lokum vil ég þakka samnefndarmönnum mínum, þjálfurum, sjúkraþjálfurum, læknum, liðsstjórum og Arnari Bill og Klöru Bjartmarz starfsmönnum landsliðanna og öðrum starfsmönnum á skrifstofu KSÍ fyrir mjög gott samstarf.

Ragnhildur Skúladóttir, formaður

Skýrsla framkvæmdanefndar EM U17 kvenna

Eftir að ákvörðun var tekin hjá UEFA um fjölgun liða í úrslitakeppni U17 kvenna, úr fjórum í átta, ákvað Knattspyrnusamband Íslands að sækja um að halda fyrstu átta liða keppnina. Ekki fékk KSÍ úthlutaðri þeirri keppni en UEFA ákvað að önnur átta liða úrslitakeppnin færi fram á Íslandi sumarið 2015. Þegar það var ljóst var skipuð framkvæmdanefnd snemma árs 2013. Nefndina skipuðu Guðrún Inga Sívertsen formaður, Ragnhildur Skúladóttir, Lúðvík S. Georgsson, Jakob Skúlason og Þórarinn Gunnarsson.

Þá var Klara Bjartmarz starfsmaður nefndarinnar og mótstjóri mótsins. Hanna Dóra Markúsdóttir var starfsmaður mótsins. Reynslunni ríkari frá keppninni 2007 hóf nefndin ásamt starfsmönnum KSÍ undirbúning mótsins með UEFA af fullum þunga í upphafi árs 2014. Eitt af fyrstu verkum var að finna sjálfbodaliða til að starfa að móttinu. Auglýst var á heimasíðu KSÍ og á samfélagsmiðlum. Sú aðferð skilaði góðum árangri og ný andlit störfuðu að móttinu ásamt fjölmörgum reynsluboltum sem áður höfðu komið að starfi KSÍ.

Einstaklega vel tókst til að manna hin mikilvægu störf fylgdarfólks liða. Farin var sú leið að hafa tvo fylgdarmenn á flestum liðum, sem hafði reynst vel frá keppninni 2007. Þá voru þrenn hjón sem tóku að sér að vera fylgdarmenn og heppnaðist það mjög vel. Þessu frábæra fólki eru færðar miklar þakkir fyrir þeirra mikilvæga starf. Eftirtaldir voru fylgdarmenn liða:

England	Borghildur Sigurðardóttir og Halldór Arnarsson
Þýskaland	Ásmundur Vilhelmsson og Svanhvít Sveinsdóttir
Spánn	Hanna Sigríður Sigurðardóttir og Páll Þór Ármann
Frakkland	Grétar Skúlason og Guðbjörg Rósa Björnsdóttir
Noregur	Ingibjörg Jónsdóttir
Írland	Sigríður Arndís Jóhannsdóttir
Sviss	Anna Dóra Ágústsdóttir

Hólmfríður Magnúsdóttir og Auður Harpa Skúladóttir hjálpuðu einnig til og leystu af sem fylgdarmenn Noregs og Írlands.

Dráttur og undirbúningur liða

Dregið var í riðla í Ráðhúsi Reykjavíkur 29. apríl. Fyrirfram var vitað að Ísland, sem gestgjafi, myndi leika í A-riðli. Auk Íslands drógust í riðilinn Þjóðirnar tvær sem léku til úrslita í keppninni árið á undan, Þjóðverjar og Spánverjar. Auk þeirra var England í riðlinum. Það var því strax ljóst að Ísland átti fyrir höndum erfitt og krefjandi verkefni. Í B-riðil drógust Írland, Frakkland, Sviss og Noregur.

Drátturinn var sýndur í beinni útsendingu hjá UEFA, auk þess voru íslenskir fjölmiðlar mættir á viðburðinn. Karen Espelund stjórnarmaður í UEFA og formaður kvennanefndar UEFA dró í riðlana ásamt Degi B. Eggertssyni borgarstjóra.

Strax að loknum drætti fóru Þjóðirnar með sínu fylgdarfólki að skoða æfinga- og keppnisvöllina og hótelið. Þá var einnig vinnufundur sem fulltrúar UEFA stýrðu ásamt Klöru Bjartmarz mótsstjóra. Á þessum vinnufundi fengu Þjóðirnar allar þær upplýsingar sem þær þurftu auk þess sem tækifæri gafst til að kynna og afla sér ýmissa upplýsinga um Ísland. Umgjörðin í kringum dráttinn var mjög flott og á markaðsdeild KSÍ mikið hrós skilið fyrir sína vinnu.

Vallarmál

Í móti sem þessu er þörf á fjölmörgum völlum, bæði keppnisvöllum og æfingavöllum. UEFA samþykkti að mótið yrði spilað á 6 völlum. Þá þurftu öll lið að hafa sinn eigin æfingavöll og einnig þurfti æfingavöll fyrir dómara. Það var því ljóst strax í upphafi að það myndi reyna mikið á aðildarfélög KSÍ varðandi framkvæmd leikja og æfinga.

Þar sem mótið var spilað frá 22. júní var strax ljóst að vallaraðstæður gætu verið erfiðar á einhverjum stöðum, allt eftir því hvernig vellirnir kæmu undan vetri. Á daginn kom að Víkingsvöllur, sem átti að vera einn af keppnisvöllum, var ekki leikhæfur og því var ákveðið að færa leiki þaðan og á Laugardalsvöll.

Keppnisvellir mótsins voru þessir:

- Grindavíkuvöllur
- Akranesvöllur
- Fylkisvöllur
- Kópavogsvöllur
- Laugardalsvöllur
- Valsvöllur

Æfingavellirnir mótsins voru:

- Fagrilundur
- Fjölnisvöllur
- ÍR völlum
- Kórinn
- KR-völlur
- Leiknisvöllur
- Njarðvíkurvöllur
- Valbjarnarvöllur
- Varmárvöllur
- Versalavöllur

Öllum aðildarfélögum er þakkað fyrir þeirra aðkomu. Liðin, sem og aðrir sem tengdust þeim, hrósuðu aðstæðum, móttökum og vinsemd á þessum völlum.

Umgjörð leikja - áhorfendur

Mikil vinna fór í að skapa góða umgjörð í kringum leikina og lögð var áhersla á að fá fólk á völinn. Fræðsludeild KSÍ setti upp spennandi dagskrá og þá voru greiðslur til félaganna sem stóðu að framkvæmdinni árangurstengdar, með tilliti til fjölda áhorfenda. Hoppukastalar voru á völlum fyrir leiki, grillaðar voru pylsur, landsliðskonur mættu á svæðið og þá voru gefnar gjafir frá UEFA. Að hafa dagskrá, eitthvað fyrir alla, skilaði árangri og aðsóknartölur á leikina fóru, á flestum leikjum, fram úr þeim væntingum sem við höfðum til fjöldans. Sérstaklega var ánægjulegt að sjá hversu margir lögðu leið sína á undanúrslit og úrslit en úrslitaleikurinn var spilaður á laugardegi, fyrstu helgina í júlí sem er ein vinsælasta ferðahelgi landans.

Dómarar

Á stóru móti sem þessu, úrslitakeppni, þarf fjöldann allan af dómurum. Ingvar Guðfinnsson starfaði sem fylgdarmaður dómara og hann, ásamt Magnúsi dómaraþjóra og fleirum, sáu til þess að dómarnir æfðu vel, nutu dvalarinnar og síðast en ekki síst, stóðu sig vel á vellinum.

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2015

Að lokum

Öll liðin gistu á Icelandair Hótel Reykjavík Natura en þannig var það líka 2007. Þrátt fyrir að ekki hafi liðið nema 8 ár á milli móta sem við héldum þá breyttust áherslur og kröfur UEFA varðandi aðbúnað liða. Til að mynda þurfti hvert og eitt lið að hafa aðgengi að fundarherbergi allan sólarhringinn og því var ekki hægt að láta t.d. 2 lið deila fundaraðstöðu. Þetta varð til þess að UEFA gat ekki verið með sínar skrifstofur á hótelinu heldur settu þeir upp aðstöðu í Laugardalnum. KSÍ hafði skrifstofu á hótelinu þar sem öll þjónusta við liðin fór fram auk þess sem daglegir fundir með fylgdarfólki voru haldnir þar. Að loknu þessu móti, og í ljósi meiri þjónustu við liðin, er spurning hvort að heppilegra væri að skipta liðum á 2 hótél en þá er líka auðveldara að tryggja gæði matar og almennrar þjónustu.

Að halda mót af þessari stærðargráðu er lærdómsríkt, ekki síst fyrir lítið samband eins og KSÍ. Öll sú skrifinska sem fylgir UEFA er eitthvað sem við erum ekki vön. Þrátt fyrir reynslu okkar frá 2007 var margt sem kom okkur á óvart í þeim efnum en einnig hafa reglur verið hertar og allt eftirlit aukið frá UEFA með framkvæmd móta.

Að mínu mati tókst framkvæmd mótsins vel. Aðbúnaður liða var góður á hótelinu, æfingavellir og keppnisvellir góðir. Þá ríkti almenn ánægja meðal þjóðanna með dagskrá mótsins. Leikmenn höfðu tækifæri á að kynna Íslandi, flest liðin fóru t.d. í ferð í Bláa Lónið. Þá var leikmannagleði á Hótel Hilton Reykjavík Nordica þar sem tónlistarmaðurinn Jón Jónsson sló í gegn. Aðstandendur liðanna höfðu líka nóg að gera. Sumir tóku þátt í Miðnæturlaupum í Laugardalnum í yndislegu veðri. Þá var háður knattspyrnuleikur á milli Íslands og gestanna, sem endaði auðvitað með íslenskum sigri, auk þess sem slegið var upp grilli í Próttaraheimilinu í Laugardalnum.

Það sem skiptir mestu í framkvæmd móta er að hafa öflugt fólk með sér í framkvæmdinni. Við erum svo lánsöm að fjöldinn allur af fólki kom að mótinu á einn eða annan hátt. Þetta er fólkið sem geir okkur kleift að halda viðburð sem þennan á Íslandi. Ég vil þakka öllu þessu fólki fyrir þeirra ómetanlega starf í kringum mótið, sérstaklega vil ég þakka Klöru Bjartmarz og Hönnu Dóru fyrir þeirra starf en þær unnu dag og nótt að mótinu og án þeirra hefði þetta ekki orðið að veruleika. Þá vil ég þakka félögum mínum í framkvæmdanefndinni, stjórn KSÍ, starfsfólki KSÍ, fylgdarfólki, bílstjórum, nefndarfólki unglínganefndar kvenna, starfsfólki U17 liðs Íslands, dómurum, aðildarfélögum og öðrum sjálfboðaliðum. Kærar þakkir fyrir samveruna í sumar og ykkar þátt í því að gera mótið eins glæsilegt og það varð.

Guðrún Inga Sívertsen, formaður

Árangur landsliða Íslands á árinu 2015										
Lið	Leikir				Mörk		Hlutföll			Markamismunur
	L	U	J	T	Skoruð	Fengin á sig	Sigrar	Jafntefli	Töþ	
A karla	11	4	4	3	15	14	36%	36%	27%	1
U21 karla	6	3	2	1	8	6	50%	33%	17%	2
U19 karla	5	2	1	2	5	6	40%	20%	40%	-1
U17 karla	15	7	3	5	18	16	47%	20%	33%	2
Samtals karla	37	16	10	11	46	42	43%	27%	30%	4
A kvenna	9	5	1	3	18	7	56%	11%	33%	11
U23 kvenna	1	1	0	0	3	1	100%	0%	0%	2
U19 kvenna	8	4	0	4	22	15	50%	0%	50%	7
U17 kvenna	15	6	0	9	35	20	40%	0%	60%	15
Samtals kvenna	33	16	1	16	78	43	48%	3%	48%	35
Samanlagt	70	32	11	27	124	85	46%	16%	39%	39

Yfirlit landsleikja ársins má sjá á vef KSÍ undir

www.ksi.is/landslid/landsleikir

Yfirlit þeirra leikmanna sem tóku þátt í verkefnum ársins má sjá á vef KSÍ undir

www.ksi.is/mot/leikir-mork-lids/

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2015

A landsleikir karla 2015

Loka

Leikir / mörk liðs

Leikir og mörk liðs í mótum - Leikir og mörk: Ísland Árið: 2015											Listinn settur saman: 22.1.2016 15:11:13						
Tákn móts	Ú	Ú	Ú	Ú	H	Ú	H	H	Ú	Ú	Ú	LEKIR	MÖRK	GUL	RAUÐ	FYRIRL.	
Dagsetning	18.01	19.01	28.03	31.03	12.08	03.09	08.09	10.10	13.10	13.11	17.11						
Mótherji	Kanada	Kanada	Kasakstan	Eistland	Tékkland	Holland	Kasakstan	Lettland	Tyrkland	Pólland	Slóvakía						
Ahorfendur				8000	9787	52960	9787	9787		56207							
1	Alfred Finnbogason		V	XG	-	V	-	XGÚ	V	V1	XÚ1	7	2	2	0	0	
2	Ari Freyr Skúlason		XG	V	X	X	X	X	X	X	XÚ	9	0	1	0	0	
3	Arnór Ingvi Traustason									X	XÚ	2	0	0	0	0	
4	Aron Einar Gunnarsson			XFÚ		XF1	XFÚ	XFRG		XF	XFÚ	6	1	1	1	6	
5	Birkir Bjarnason			X2	-	X	X	X	X	X	XÚ	8	2	0	0	0	
6	Birkir Már Sævarsson			X	V	X	XG	X	X	X	V	9	0	1	0	0	
7	Björn Daníel Sverrisson	V	V									2	0	0	0	0	
8	Eiður Smári Guðjohnsen			XÚ1		-	V	-	V	-		3	1	0	0	0	
9	Eliás Már Ómarsson	V	V								V	3	0	0	0	0	
10	Emil Hallfréðsson			V	XFÚ	XÚ			X	-		4	0	0	0	1	
11	Frederik August Albrecht Schram											0	0	0	0	0	
12	Guðlaugur Victor Pálsson	XÚ	V	-	XÚ							3	0	0	0	0	
13	Guðmundur Þórarinnsson	-	XÚ									1	0	0	0	0	
14	Gunnleifur Vignir Gunnleifsson											0	0	0	0	0	
15	Gylfi Þór Sigurðsson			X		X	X1	X	X1	X	X1	7	3	0	0	0	
16	Hallgrímur Jónsson	-	XF	-	X	-	-	-	-	-		2	0	0	0	1	
17	Hannes Þór Halldórsson	XÚ	-	X	-	X	X	X	X			6	0	0	0	0	
18	Haukur Heiðar Hauksson	-	X	-	X						X	3	0	0	0	0	
19	Hjörtur Hermannsson											0	0	0	0	0	
20	Hjörtur Logi Valgarðsson	XG	-									1	0	1	0	0	
21	Hólmart Órn Eyrjólfsen										X	1	0	0	0	0	
22	Hólmart Aron Friðjónsson	V	X1									2	1	0	0	0	
23	Hörður Árnason	-	X									1	0	0	0	0	
24	Hörður Björgvin Magnússon				XÚ							1	0	0	0	0	
25	Ingvar Jónsson	V	-									1	0	0	0	0	
26	Jóhann Berg Guðmundsson			X	V	X	XG	X	XG	V	XÚ	9	0	2	0	0	
27	Jón Daði Böðvarsson	XÚ	XÚ	V	XÚ	V	XÚ	XÚ	-	XÚ	XÚ	10	0	0	0	0	
28	Jón Guðni Fjóluson	-	X	-	XÚ							2	0	0	0	0	
29	Kári Árnason			X	-	X	XG	X	XÚ	X	-	XÚG	7	0	2	0	0
30	Kolbeinn Sigþórsson			XÚ	-	XÚ1	XÚG	X	XF1	XÚ	XÚ	8	2	1	0	2	
31	Kristinn Jónsson											0	0	0	0	0	
32	Kristinn Steindórsson	XÚ1	-									1	1	0	0	0	
33	Matthías Vilhjálmsson	XÚ1	V									2	1	0	0	0	
34	Oliver Sigurjónsson										V	1	0	0	0	0	
35	Ólafur Ingi Skúlason				VG		V	-	-	-		2	0	1	0	0	
36	Ólafur Karl Finsen	V	V									2	0	0	0	0	
37	Ragnar Sigurðsson			X	V	X	X	X	XG	X	X	9	0	1	0	0	
38	Róbert Órn Óskarsson											0	0	0	0	0	
Að vali nefndarinnar komu meðal annars landsliðsþjálfarar KSÍ, fulltrúar dómara og Víðir Sigurðsson blaðamaður. Þorvaldur Ingimundarson var starfsmaður nefndarinnar.

Drago-styttur

Pepsi-deild karla

Háttvísimat eftirlitsmanna 2015

Gul og rauð spjöld 2015

Röð	Félag	Einkunn	Félag	Gul	Rauð	Refsistig
1	Breiðablik	7,57	Breiðablik	33	2	41
2-3	Fjölnir	7,39	KR	34	2	42
2-3	KR	7,39	ÍA	36	3	48
4-5	FH	7,34	Fjölnir	43	2	51
4-5	ÍA	7,34	Valur	52	0	52
6	Stjarnan	7,30	Víkingur R.	49	1	53
7	Valur	7,25	FH	52	1	56
8	Leiknir R.	7,24	Stjarnan	37	5	57
9	Víkingur R.	7,19	ÍBV	57	0	57
10	Fylkir	7,08	Fylkir	50	2	58
11	Keflavík	6,98	Leiknir R	50	3	62
12	ÍBV	6,93	Keflavík	56	2	64

Breiðablik hlaut Drago-styttuna í Pepsi-deild karla karla á grundvelli háttvísimats eftirlitsmanna KSÍ.

1. deild karla

Gul og rauð spjöld 2015

Félag	Gul	Rauð	Refsistig
Víkingur Ó	25	0	25
Gróttta	42	1	46
KA	41	2	49
Bí/Bolungarvík	39	3	51
Fram	44	3	56
HK	48	2	56
Grindavík	51	2	59
Haukar	48	3	60
Þróttur R.	48	4	64
Selfoss	56	4	72
Fjarðabyggð	50	6	74
Þór	60	5	80

Handhafi Drago-styttunnar í 1. deild karla 2015 er Víkingur Ó.

Skýrsla samninga- og félagaskiptanefndar

Samninga- og félagaskiptanefnd 2015 skipuðu Jóhannes Ólafsson formaður, Stefán Geir Þórisson og Örn Gunnarsson. Varamenn voru Guðmundur H. Pétursson, Gísli Guðni Hall og Jóhann Albertsson. Starfsmenn nefndarinnar voru Birkir Sveinsson, Þorvaldur Ingimundarson, Magnús Stefánsson og Klara Bjartmarz.

Leikmannsamningar

Fj. í gildi 15/01/16	Fjöldi skráðra samninga*	2015		2014		2013		2012		2011	
		Skr. samn	Fjöldi félaga	Skr. samn	Fjöldi félaga	Skr. samn	Fjöldi félaga	Skr. samn	Fjöldi félaga	Skr. samn	Fjöldi félaga
269	Pepsi-deild karla	190	12	208	12	208	12	169	12	232	12
159	1. deild karla	158	12	137	11	154	12	152	12	154	12
80	2. deild karla	102	11	68	8	79	8	112	8	64	9
9	3. deild karla	2	1	16	2	14	5	15	7	21	4
5	4. deild karla	5	1	0	0	4	3				
134	Pepsi-deild kvenna	85	10	115	10	130	10	122	10	111	10
91	1. deild kvenna	109	12	83	9	98	10	78	11	91	11
513	Leikmannssamningar	386	24	409	23	362	22	295	24	390	24
234	Sambandsamningar	265	28	218	25	333	37	353	36	283	32

* Fjöldi skráðra samninga á árinu er ekki það sama og fjöldi leikmanna á samningi.

Málum vísað til nefndarinnar

Framan af starfsári var ekki mörgum málum vísað til nefndarinnar. Líkt og undanfarin ár eru mörg ágreiningsefni, sem berast KSÍ, leyst af skrifstofu sambandsins eða lýkur án formlegrar meðhöndlunar hjá nefndinni. Flest ágreiningsmál snúa að uppgjöri launa og leysist meirihluti þeirra mála í framhaldi af því að leikmenn senda greiðsluáskorun á félagið. Eftirfarandi mál fengu formlega meðhöndlun:

Juraj Grizelj gegn Grindavík

Juraj og Grindavík gerðu með sér samkomulag 2. janúar 2015 um að leikmannssamningur aðila falli úr gildi. Nokkru síðar óskar leikmaðurinn eftir félagaskiptum í KA. Grindavík neitar leikmanninum um félagaskipti yfir í KA á þeirri forsendu að samkomulagið frá 2. janúar eigi ekki við þegar um er að ræða félagaskipti í íslenskt félag. Juraj gerði kröfu um að viðurkennt væri að leikmannssamningurinn sé úr gildi fallinn. Grindavík gerði kröfu um að leikmannssamningur aðila væri í gildi þar sem Juraj hefði beitt Grindavík blekkingum við gerð samkomulagsins. Nefndin taldi Grindavík ekki hafa fært fram sönnunargögn sem með óyggjandi hætti sýndu fram á að leikmaðurinn hafi beitt félagið blekkingum við gerð samkomulagsins. Einnig taldi nefndin að ekki sé unnt að takmarka rétt leikmannsins til að leita sér að atvinnu sem knattspyrnumaður á Íslandi. Með vísan til ótvíræðs orðalags í samkomulagi aðila frá 2. janúar 2015 var það mat nefndarinnar að samkomulagið væri í gildi og að leikmannssamningur aðila væri úr gildi fallinn.

Fjalar Sigurðsson gegn Selfossi

Fjalar og Selfoss gerðu með sér leikmannssamning 14. janúar 2013 með gildistíma til 31. desember 2015 með uppsagnarákvæði 1.-10. október 2014. Leikmaðurinn fékk leyfi frá æfingum í lok maí 2013 og kom aftur til æfinga í júlí 2013 og lék þá m.a. einn leik þann 31. júlí 2013. Í framhaldinu hætti Fjalar að mæta á æfingar. Þann 23. júlí 2014 var leikmaðurinn lánaður til Kára endurgjaldslaust út keppnistímabilið 2014. Samningnum var ekki sagt upp á umræddu tímabili. Krafa leikmannsins var að viðurkennd yrði uppsögn hans á leikmannssamningi hans við félagið og að leikmanninum væri heimilt að ganga til liðs við annað félag sem ósamningsbundinn leikmaður. Byggði hann kröfu sína á því að hann hefði í raun sagt upp samningnum með því að hætta að mæta á æfingar. Félagið fór fram á að staðfest væri að leikmannssamningur aðila væri enn í gildi. Félagið benti á að í samningi aðila væri uppsagnarákvæði sem ekki var nýtt, hvorki af félaginu né leikmanninum. Leikmaðurinn hafi fengið leyfi frá æfingum af persónulegum ástæðum sumarið 2013. Síðar hafi hann verið lánaður í Kára sumarið 2014 til hagsbóta fyrir leikmanninn og félagið. Með hliðsjón af mótmælum félagsins var það mat nefndarinnar að ekki væri unnt að fallast á að leikmaðurinn hafi sagt upp leikmannssamningnum með því að mæta ekki á æfingar hjá félaginu. Jafnframt var það mat nefndarinnar að ekki hvíldi sérstök athafnaskylda á félaginu, þ.e. þegar leikmaður hættir að mæta á æfingar. Nefndin féllst því ekki á að félagið hafi með aðgerðaleysi samþykkt uppsögn í reynd. Með vísan til ótvíræðs orðalags í leikmannssamningi aðila frá 14. janúar 2013 taldi nefndin að leikmannssamningur aðila væri í gildi.

Matt Eliason gegn Þrótti R.

Ágreiningur var um greiðslu sjúkrakostnaðar leikmannsins vegna meðferðar sem átti sér stað í Bandaríkjunum. Eftir að málið kom til meðferðar hjá nefndinni náðu aðilar samkomulagi um uppgjör.

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2015

Selfoss gegn ÍBV

Í ársbyrjun 2015 gekk Guðmundur Þórarinnsson í raðir danska félagsins Nordsjælland frá norska félaginu Sarpsborg. Samkvæmt samningi ÍBV og Sarpsborg átti ÍBV að fá 15% af félagaskiptagjaldi sem kom í hlut Sarpsborg við félagaskiptin. Selfoss taldi að samkvæmt ákvæði 20.2 í reglugerð KSÍ um um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga bæri þeim að fá hlutdeild í þeim greiðslum með sama hætti og þegar hann gekk í raðir Sarpsborg frá ÍBV í janúar 2013. Nefndin var sammála um að skýra bæri ákvæði 20.2 þannig að félög, sem leikmaður lék með undanfarnin þrjú ár áður en félagaskipti koma til, eigi hlutdeild í félagaskiptagjaldi. Tekið er sérstaklega fram í ákvæðinu að hlutdeildin eigi við um allar greiðslur. Að mati nefndarinnar skiptir ekki máli í því sambandi hver gjalddagi greiðslunnar er eða hvort hún sé háð skilyrði um framtíðaratvik eins og síðari tíma sölu. Nefndin féllst ekki á þau rök ÍBV að ákvæðið ætti ekki við þar sem Guðmundur hafi ekki leikið með Selfossi síðustu þrjú keppnistímabil áður en félagaskiptin frá Sarpsborg til Nordsjælland fóru fram og þess efnis að um væri að ræða félagaskipti milli tveggja erlendra félaga.

ÍBV gegn Fylki

ÍBV krafðist þess að Fylkir yrði beitt agaviðurlögum vegna meints brots gegn grein 14.13 í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Ákvæðið leggur bann við að félög hafi samband við samningsbundna leikmenn fyrir 16. október ár hvert. ÍBV og Jose Enrique Seoane Vergera gerðu með sér leikmannssamning 1. júlí 2015. Samningurinn gildi til 31. október 2015. Þann 16. október 2015 upplýsti leikmaðurinn ÍBV um að hann hefði gengið frá samkomulagi við Fylki um að ganga til liðs við félagið. Jafnframt upplýsti hann með tölvubréfi sama dag að hafa átt í samningaviðræðum við Fylki „undanfarna daga“. Á þeim tíma taldi ÍBV sig í samningaviðræðum við leikmanninn. Var það mat nefndarinnar að ekki væri ástæða til að draga efni tölvubréfsins í efa og þannig í ljós leitt að Fylkir hafi brotið gegn grein 14.13 í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Með hliðsjón af alvarleika brotsins, að um væri að ræða félagaskipti í efstu deild og að teknu tilliti til þess að um fyrsta brot væri að ræða, taldi nefndin að hæfileg viðurlög væri sekt að fjárhæð kr. 100.000, sbr. grein 24.1.2 í sömu reglugerð.

Umboðsmenn verða milliliðir

Í samræmi við breytingar á reglugerðum FIFA var ný reglugerð KSÍ um milliliði staðfest í stjórn KSÍ á vormánuðum sem leysti af hólmi reglugerð KSÍ um umboðsmenn. Ný reglugerð tók gildi 1. apríl og samkvæmt þeim breyttust verulega hæfisreglur þeirra sem annast umboðsmennsku fyrir leikmenn, m.a. er ekki gerð krafa um að þeir aðilar undirgangist sérstakt próf.

Nýja milliliðakerfið fór rólega af stað og einungis 5 samningar milliliða og leikmanna voru skráðir hjá KSÍ árið 2015. Verið er að yfirfara skráningu milliliða í samræmi við nýju reglugerðina og undirbúa verkferla í málaflokknum. Í því skyni verður m.a. höfð hliðsjón af umgjörð knattspyrnusambanda á Norðurlöndunum í þessum málaflokki.

Fundir og ráðstefnur

Birkir Sveinsson og Þorvaldur Ingimundarson sóttu árlegan samráðsfund norrænu knattspyrnu-sambandanna um móta- og félagaskiptamál sem fram fór í Noregi í byrjun október. Árið 2016 verður fundurinn á Íslandi.

Félagaskipti

Þorvaldur Ingimundarson og Magnús Stefánsson höfðu að mestu umsjón með afgreiðslu félagaskipta. Árið 2015 voru 2.353 félagaskipti afgreidd, samanborið við 2.221 árið 2014. Flest félagaskipti eru afgreidd í byrjun sumars og í lok júlí, þegar félagaskiptaguggarnir loka. Þá er gríðarlegt álag á starfsmönnum sem annast félagaskipti. Framkvæmdastjóri KSÍ samþykkti tvær óskir um undanþágu vegna markvarða. Hér fyrir neðan má sjá tölfræði um félagaskipti.

	2015	2014	2013	2012	2011	2010	2009	2008	2007	2006	2005
Fjöldi félagaskipta	2.353	2.221	2.404	2.230	2.206	1.995	1.935	1.895	1.688	1.639	1.427

	Jan	Feb	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágú	Sept	Okt	Nóv	Des
Fjöldi félagaskipta 2015	208	225	400	266	465	74	341	24	38	164	115	33
Flokkað eftir mánuðum												

Lokaorð

Nefndarmönnum, starfsmönnum nefndarinnar svo og öðru starfsfólki KSÍ vil ég þakka gott samstarf.

Jóhannes Ólafsson, formaður

Skýrsla fræðslunefndar

Í fræðslunefnd sátu þessi starfsárið 2014-2015: Ragnhildur Skúladóttir formaður, Guðni Kjartansson, Gylfi Þ. Orrason, Sigurður Sighvatsson, Sigurður Þórir Þorsteinsson, Sigvaldi Einarsson og Örn Ólafsson. Starfsmenn nefndarinnar voru Arnar Bill Gunnarsson fræðslustjóri og Dagur Sveinn Dagbjartsson. Nefndin hélt 2 bókaða fundi á starfsárinu og voru eftirfarandi mál efst á baugi á árinu.

Þjálfaramenntun

KSÍ býður upp á þrjár þjálfaragráður, Markmannsþjálfaragráðu KSÍ, KSÍ B og KSÍ A þjálfaragráður. Tvær síðarnefndu gráðurnar hafa hlotið gæðastimpil UEFA og eru viðurkenndar í öllum löndum Evrópu. 433 þjálfarar eru með KSÍ B gráðuna og 191 þjálfari hefur lokið við KSÍ A gráðu til viðbótar. Auk þess hafa 13 þjálfarar lokið við UEFA Pro þjálfaragráðu á erlendri grundu.

Þjálfarar þurfa svo að viðhalda þjálfaragráðunni sinni með 15 tíma endurmenntun á 3 ára fresti. KSÍ býður reglulega upp á endurmenntunarnámskeið.

UEFA hefur nú aukið lágmarks tímafjölda á UEFA A gráðunni úr 120 tímum í 180 tíma. Sú vinna að fjölga tímum hófst á árinu og var KSÍ VI þjálfaranámskeiðið stækkað umtalsvert vegna þessa, m.a. bætt við helgi þar sem kennd var leikgreining og verkefni í áætlanargerð var fyrirferðamikilið á því námskeiði.

Fræðsluvefur KSÍ var áfram veigamikill þáttur í uppbyggingu fræðslustarfs KSÍ og þar er að finna mikið af fjölbreyttum upplýsingum sem gagnast þjálfurum í starfi.

Námskeiðahald

KSÍ hélt 33 fræðsluviðburði á árinu fyrir 1.141 þátttakendur. Aldrei áður hefur KSÍ haldið jafnmarga fræðsluviðburði á einu ári og aldrei hafa jafn margir sótt fræðsluviðburði KSÍ á einu ári. Fram til þessa hafði KSÍ mest haldið 26 fræðsluviðburði (2013 og 2014) og mesti þátttökufjöldi á einu ári fram til þessa var 882 þátttakendur árið 2010. Þar munar miklu um tvö gríðarlega vinsæl málþing um andlega líðan íþróttafólks en málþingið var samstarfsverkefni ÍSÍ, KSÍ og Háskólans í Reykjavík. Á þessi tvö málþing komu samtals 310 manns, 200 manns í Reykjavík og 110 manns á Akureyri. Þá voru haldnar tvær fjölmennar bikarúrslitaráðstefnur á árinu auk þess sem Þjálfaraskóli KSÍ var vel sóttur.

Eins og undanfarin ár bárum við gæfu til þess að hafa mjög hæfa kennara á námskeiðunum okkar. Alls störfuðu 49 þjálfarar og sérfræðingar hjá okkur á þessu ári og kunnum við þeim bestu þakki fyrir:

Aloys Wijnker, Arnar Bill Gunnarsson, Árni Ólason, Ásmundur Haraldsson, Birkir Sveinsson, Brad Douglass, Daði Rafnsson, Davíð Snorri Jónasson, Dean Martin, Eysteinn Hauksson, Freyr Alexandersson, Friðrik Ellert Jónsson, Fríða Rún Þórðardóttir, Guðmundur Hreiðarsson, Guðni Kjartansson, Gunnar Jarl Jónsson, Halldór Björnsson, Halldór Halldórsson, Haukur Ingi Guðnason, Hákon Sverrisson, Heimir Hallgrímsson, Janus Guðlaugsson, Jonas Eidevall, Jóhann Kristinn Gunnarsson, Kim Vilfort, Kjartan Orri Sigurðsson, Kristján Guðmundsson, Kristján Ómar Björnsson, Lars Hallengreen, Magnús Már Jónsson, Martyn Heather, Mathias Zangenberg, Ólafur Kristjánsson, Ólafur Pétursson, Óli Stefán Flóventsson, Pétur Ólafsson, Ragnar Gíslason, Reynir Björnsson, Róbert Magnússon, Sigurður Víðisson, Sigurður Þórir Þorsteinsson, Tim Harkness, Úlfar Hinriksson, Vilhjálmur Kári Haraldsson, Willum Þór Þórsson, Þorvaldur Ingimundarson, Þóroddur Hjaltalín, Ægir Viktorsson og Örn Ólafsson.

Erlend samskipti

Fulltrúar KSÍ sóttu fjölmargar ráðstefnur á árinu, en hér fyrir neðan eru þær helstu:

- Halldór Björnsson og Þórður Þórðarson sóttu Norðurlandaráðstefnu um hæfileikamótun ungra knattspyrnumanna í Finnlandi 26.-28. október.
- Arnar Bill Gunnarsson, Dagur Sveinn Dagbjartsson og Lars Lagerbäck fóru fyrir hönd KSÍ á UEFA ráðstefnu um þjálfaramenntun sem haldin var í Bratislava, höfuðborg Slóvakíu.
- Heimir Hallgrímsson hélt erindi á ráðstefnu skoska knattspyrnusambandsins.
- Fjölmargir erlendir aðilar komu hingað til lands til að kynna sér íslenska knattspyrnu.
- Fræðsludeild KSÍ skipulagði svokallaða UEFA KISS ráðstefnu sem haldin var í Keflavík og á höfuðborgarsvæðinu. Yfirskrift ráðstefnunnar var Women's Football Academies and Elite Youth Structures Workshop. Ráðstefnuna sóttu aðilar frá 5 þjóðum, auk fulltrúa frá KSÍ og UEFA.

Fræðsluverkefni UEFA - UEFA Study Group Scheme

KSÍ tók áfram þátt í stóru fræðsluverkefni á vegum UEFA á árinu sem nefnist *UEFA Study Group Scheme*. Verkefnið snýst um að kynna ólíkum þáttum knattspyrnunnar í öðrum knattspyrnusamböndum innan Evrópu. Verkefnið hefur verið í gangi síðan 2008 og þátttakendur í fræðsluverkefnunum hafa verið starfsmenn KSÍ, nefndarfolk, sérfræðingar og fulltrúar frá aðildarfélögum KSÍ.

- KSÍ sendi 4 fulltrúa til Ítalíu í apríl þar sem viðfangsefnið var *Football Fitness*.
- KSÍ hélt síðan eitt Study Group námskeið í nóvember 2015 en þjóðirnar sem heimsóttu okkur voru Bosnía og Hersegóvína, Finnland, Litháen og Lúxemborg. Viðfangsefnið var knattspyrna kvenna.

Styrkir KSÍ til fræðslumála

KSÍ veitti 10 fræðslustyrki á árinu. Styrkur KSÍ var í formi farseðils á áfangastað Ícelandair og til baka. Markmiðið með þessum styrkjum er að auðvelda áhugasömum aðilum í knattspyrnuhreyfingunni að sækja sér fræðslu erlendis. Styrkþegar skila svo inn skýrslu um ferð sína á fræðsluvef KSÍ. Eftirfarandi styrkir voru veittir á þessu ári:

- Víglundur Páll Einarsson fékk að fylgja norska liðinu Molde í æfingaferð til Spánar.
- Srdjan Tufegdzig heimsótti Sampdoria á Ítalíu.
- Ragna Lóa Stefánsdóttir heimsótti sænska félagið Eskilstuna FC.
- Margrét Magnúsdóttir heimsótti Ajax Amsterdam.
- Birkir Örn Gylfason heimsótti Ajax Amsterdam.
- Ejub Purisevic heimsótti AaB í Danmörku en það var hluti af UEFA Pro námi hans.
- Þorsteinn Magnússon sótti markmannsþjálfaranámskeið á Englandi.
- Úlfar Hinriksson heimsótti Real Madrid á Spáni.
- Kristinn Sverrisson heimsótti Brommapojkarna í Svíþjóð.
- Milos Milojevic fékk styrk vegna UEFA Pro námskeiðs sem hann er að taka í Serbíu.

Þjálfaraskóli KSÍ

Þjálfaraskóli KSÍ stendur áfram öllum þjálfurum aðildarfélaganna til boða og er hugmyndin á bak við skólann að reyndur KSÍ kennari deili reynslu sinni og þekkingu. Aðildarfélögin og KSÍ deila kostnaðinum við kennsluna og skólinn telur einnig sem endurmenntun fyrir þjálfara. Allir þjálfarar sem ætla sér að taka UEFA B prófið, sem haldið er í apríl ár hvert, þurfa að taka KSÍ B þjálfaraskólann. Allir þjálfarar sem sækja um að komast á KSÍ VI þjálfaranámskeiðið þurfa að taka KSÍ A þjálfaraskólann, en árið 2015 var í fyrsta sinn boðið upp á hann. Þjálfaraskólinn er því orðinn hluti af UEFA A og UEFA B þjálfaragráðunni.

23 þjálfarar tóku KSÍ B þjálfaraskólann á árinu og 39 tóku KSÍ A þjálfaraskólann. Alls tóku því 62 þjálfarar þjálfaraskóla KSÍ árið 2015, fleiri en nokkurn tímann áður.

Lokaorð

Aldrei hafa fræðsluverkefni KSÍ verið fleiri og þátttakan meiri en á þessu starfsári sem sýnir okkur enn og aftur hvað knattspyrnuþjálfarar eru duglegir að afla sér meiri þekkingar. Í ár bar hæst þátttaka á málþingum um andlega líðan íþróttamanna sem haldin voru á haustdögum á Akureyri og í Reykjavík og var greinilegt að þarna var á dagskrá málefni sem tímabært var orðið að taka á dagskrá. Talsvert hefur verið um að erlendir aðilar hafa komið til landsins í þeim tilgangi að kanna hvernig þjálfun er háttað frá því að börn hefja knattspyrnuíðkun þar til þau verða afreksfólk. Það sem helst hefur vakið athygli þeirra er sú staðreynd að menntaðir þjálfarar taka við börnunum frá fyrsta degi, sem er ólíkt því sem gerist í nágrannaríkjunum þar sem foreldrar sjá almennt um þjálfunina. Þessi staðreynd er án efa ein af ástæðum góðs árangurs á knattspyrnuvelli. Fjöldi fólks kemur að menntun þjálfara þó að hitann og þungann beri þeir Arnar Bill fræðslustjóri og Dagur Sveinn Dagbjartsson starfsmenn fræðsludeildar, þeim er hér þakkað fyrir mjög vel unnin störf. Öðrum nefndarmönnum vil ég þakka samstarfið á árinu svo og starfsmönnum KSÍ.


Ragnhildur Skúladóttir, formaður

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2015


Fræðsluviðburðir KSÍ árið 2015
Alls 33 fræðsluviðburðir og 1.141 þátttakandi

Dagsetning	Viðburður	Þátttakendur
31. janúar	Markmannsþjálfaragráða KSÍ	11
6.-8. febrúar	KSÍ IV þjálfaranámskeið	26
13.-15. febrúar	Markmannsþjálfaragráða KSÍ	11
21.-23. febrúar	Coerver Coaching námskeið í Hveragerði	46
19. mars	Súpufundur KSÍ - 9v9 eða 11v11 í 4. flokki?	37
Apríl/maí	KSÍ VII þjálfaranámskeið	3
18. apríl	Fyrirlestur Tim Harkness, íþróttasálfræðings hjá Chelsea F.C.	44
12. maí	Styrktar- og meiðslafyrirbyggjandi þjálfun knattspyrnumanna	41
18. maí	Bogi Ágústsson með fyrirlestur fyrir þjálfara í efstu deild karla	12
19. maí	Súpufundur KSÍ - Hegðun áhorfenda	26
11. júní	Bogi Ágústsson með fyrirlestur fyrir þjálfara í efstu deild kvenna	10
12.-14. ágúst	UEFA KISS ráðstefna í Keflavík	20
15. ágúst	Bikarúrslitaráðstefna karla	75
29. ágúst	Bikarúrslitaráðstefna kvenna	58
9. september	Málþing um andlega líðan íþróttamanna	200
25.-27. sept.	KSÍ I þjálfaranámskeið á Reyðarfirði	21
26.-27. sept.	KSÍ VI - námskeið í leikgreiningu	26
2.-4. október	KSÍ V þjálfaranámskeið	16
6. október	Málþing um andlega líðan íþróttamanna, haldið á Akureyri	110
16.-18. október	KSÍ I þjálfaranámskeið**	38
21.-27. október	KSÍ VI þjálfaranámskeið í Danmörku	26
30.okt-1.nóv	KSÍ I þjálfaranámskeið**	45
30.okt-1.nóv	KSÍ II þjálfaranámskeið	19
6.-8. nóvember	KSÍ II þjálfaranámskeið**	33
9.-12. nóvember	UEFA Study Group Scheme - Women's football	19
20.-22. nóvember	KSÍ III þjálfaranámskeið	43
20.-22. nóvember	KSÍ I þjálfaranámskeið á Akureyri	5
12. desember	Námskeið í þrepaskiptri þjálfun (áætlunargerð)	28
15. desember	Fyrirlestur um hagræðingu úrslita	30
Allt árið	Þjálfaraskóli KSÍ	62
	** Tvö námskeið, haldin sömu helgina	

Fjöldi þjálfara sem sóttu þjálfaranámskeið KSÍ á árunum 2005-2015



Fjöldi þjálfaranámskeiða KSÍ á árunum 2005-2015



Skýrsla útbreiðslunefndar

Í útbreiðslunefnd sátu starfsárið 2015-2016 þeir Vignir Már Þormóðsson formaður, Björn Friðbjólfsson, Tómas Þóroddsson, Jakob Skúlason og Valdemar Einarsson. Starfsmaður nefndarinnar var Dagur Sveinn Dagbjartsson.

Útbreiðsluáætlun - útbreiðslustefna

Unnið var samkvæmt þeirri áætlun sem samþykkt var á ársþingi KSÍ 2008.

Markmið KSÍ

Að allir fái tækifæri til að taka þátt í leik og starfi innan Knattspyrnusambands Íslands.

Að fjölga iðkendum í knattspyrnu, sér í lagi á svæðum þar sem þátttaka er lítil.

Útbreiðsluverkefni árið 2015

Íslandsleikar Special Olympics voru haldnir tvisvar á árinu 2015 - einir leikar að vori og aðrir að hausti. Mótið í ár voru haldin í samvinnu við KR og Nes, Íþróttafélag fatlaðra í Reykjanesbæ. Vormótið í ár var haldið á KR-velli og tóku 6 lið þátt að þessu sinni. Leikið var með hefðbundnum hætti, þ.e. þátttakendur voru eingöngu fatlaðir einstaklingar en undanfarin ár hefur verið keppt í *Unified* knattspyrnu, þar sem meðspilarar taka þátt í leiknum. Mótið var notað sem undirbúningur fyrir leikmenn sem síðar á árinu tóku þátt í knattspyrnu á *Special Olympics World Games* sem haldnir voru í Los Angeles. Vegna fjölgunar iðkenda, sérstaklega yngri iðkenda hjá fötludum var einnig ákveðið að leika með hefðbundnu sniði á haustleikum SO en það mót var haldið í Reykjaneshöllinni. Fimm lið tóku þátt en einungis tóku svokölluð „getuminni lið“ þátt vegna aldurs iðkenda.

Ísland sendi lið til keppni á *Special Olympics World Games* sem haldnir voru í Los Angeles, Kaliforníu, í ágúst. Liðið stóð sig með miklum sóma og endaði í 4. sæti í sínum styrkleikaflokki. Guðlaugur Gunnarsson, starfsmaður KSÍ, fór með liðinu sem fulltrúi Knattspyrnusambands Íslands. Þetta var í annað sinn sem KSÍ sendir fulltrúa með knattspyrnuliðinu á *SO World Games*, en það er hluti af samstarfssamningi KSÍ og Íþróttasambands fatlaðra.

Á árinu stofnuðu nokkrir starfsmenn og notendur á geðsviði Landsspítalans knattspyrnufélag sem ber heitið FC Sækó. KSÍ styrkti FC Sækó um ýmsan búnað til knattspyrnuíðkunar ásamt því sem Halldór Björnsson, U17 ára landsliðsþjálfari drengja, heimsótti æfingasvæði félagsins og hélt æfingu með hópnum. FC Sækó kom sömuleiðis í tvær heimsóknir í höfuðstöðvar KSÍ á Laugardalsvelli og fékk m.a. að æfa á þjóðarleikvanginum.

Grasrótarvika UEFA var haldin 7.-13. september 2015. Að þessu sinni bauð KSÍ FC Sækó til æfingar á Laugardalsvelli mánudaginn 7. september og einnig á leik U21 árs landsliðs Íslands gegn Norður-Írlandi sem fram fór á Fylkisvelli þriðjudaginn 8. september.

Halldór Björnsson, U17 landsliðsþjálfari og starfsmaður hæfileikamótunar, sinnti jafnframt útbreiðslustarfi í ferðum sínum vítt og breitt um landið, flutti fyrirlestra og var með æfingar fyrir krakka á öllum aldri. Halldór heimsótti m.a. Hólmavík, Grindavík og Reyðarfjörð.

Arnar Bill Gunnarsson, Dagur Sveinn Dagbjartsson og Halldór Björnsson, starfsmenn KSÍ, héldu úti knattþrautum á gervigrasinu í Laugardal í tengslum við Smáþjóðaleikana sem haldnir voru hér á landi þar sem á bilinu 500-600 krakkar komu í heimsókn og fengu að spreyta sig.

Í lok október var haldin kynning á íþróttum fatlaðra í Laugardalshöllinni. Þar voru Guðlaugur Gunnarsson og Halldór Björnsson, starfsmenn KSÍ, og kynntu knattspyrnu. Þeir félagar buðu upp á knattþraut og einnig gátu gestir og gangandi fengið að skjóta á mark með bolta sem notaður er fyrir knattspyrnu blindra. Að sjálfsögðu var bundið fyrir augun á fólki og þeir sem hittu á markið fengu bolta að gjöf. Óhætt er að segja að þetta hafi vakið mikla lukku.

Viðurkenningar fyrir grasrótarviðburði

Á ársþingi KSÍ 2015 hlaut Sigríður Arndís Jóhannsdóttir Grasrótarverðlaun KSÍ. Sigríður, sem starfar sem verkefnastjóri hjá þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, hefur staðið fyrir fótboltaæfingum fyrir utangarðsmenn. Æfingarnar fóru fram einu sinni í viku á Klambatúni og höfðu um 20 aðilar mætt á

Þessar æfingar, um 6-8 í einu. Æfingarnar gengu vel og sýndu þeir sem tóku þátt mikinn áhuga og voru mjög jákvæðir fyrir verkefni. Framtakið og frumkvæðið sem Sigríður og hennar fólk hefur sýnt með þessu verkefni er frábært og er hún því mjög verðugur handhafi Grasrótarverðlauna KSÍ.

Iðkenda fjöldi

ÍSí tekur árlega saman tölfræði yfir iðkendur hjá sérsamböndunum. Tölur sem birtar eru í árslok 2015 eru fyrir árið 2014. Sem fyrr eru langflestir iðkendur hjá KSÍ, og fjölga þeim nokkuð milli árána 2013 og 2014. Skráðum iðkendum í knattspyrnu fjölga um 9,3% milli ára og voru iðkendur árið 2014 alls 22.645 talsins. Þetta er fjölgun um 1.930 iðkendur frá árinu 2013.

Stúlkum fjölga hlutfallslega meira en stráku. Árið 2013 voru 6.534 stúlkur að æfa knattspyrnu en árið 2014 voru þær 7.226 talsins. Þetta er aukning upp á 10,6%.

Drengir í knattspyrnu árið 2013 voru 14.181 að tölu, en fjöldi drengja árið 2014 var 15.419. Þetta er aukning upp á 8,7%.

Geta þarf þess að í tölum ÍSí er ekki tekið tillit til þeirra fjölmörgu iðkenda sem leika í utandeildum, eða þeim sem leika t.d. hádegis- eða kvöldbolta með vinum og kunningjum, þ.e. unga jafnt sem aldna sem leika knattspyrnu eingöngu sér til skemmtunar og heilsuþótar. Í tölum ÍSí er einungis um að ræða skráða iðkendur hjá íþróttafélögunum sem stunda knattspyrnu á vegum þeirra.

Knattspyrnuskóli KSÍ

Knattspyrnuskóli KSÍ var haldinn að Laugarvatni. Leikmenn í Knattspyrnuskóla KSÍ 2015 voru fæddir árið 2001 og hvert félag mátti senda eina stúlku og einn dreng í Knattspyrnuskólann.

Knattspyrnuskóli stúlkna var dagana 8.-12. júní. 36 stúlkur sóttu skólann en skólustjóri var Mist Rúnarsdóttir. Gestafjálfarar að þessu sinni voru Daði Rafnsson, Halldór Björnsson og Svava Svavarsdóttir.

Knattspyrnuskóli drengja var dagana 15.-19. júní. 41 drengur sótti skólann en skólustjóri var Freyr Sverrisson. Gestafjálfi að þessu sinni var Halldór Björnsson.

Markmannsskóli KSÍ

Líkt og undanfarin ár hélt KSÍ úti Markmannsskóla drengja og stúlkna á Akranesi. Öllum félögum á landinu býðst að senda tvo drengi og tvær stúlkur á 4. flokks aldri í Markmannsskóla KSÍ.

Markmannsskóli drengja fór fram dagana 18.-20. september. Að þessu sinni sóttu 39 drengir frá 24 félögum Markmannsskólann. Skólustjóri var Lúðvík Gunnarsson.

Markmannsskóli stúlkna fór fram dagana 2.-4. október. 31 stúlka frá 22 félögum sóttu skólann að þessu sinni. Skólustjóri var Margrét Ákadóttir.

Tíu markmannsþjálfarar komu að þjálfun í Markmannsskóla KSÍ að þessu sinni. KSÍ kann þeim bestu þakki fyrir þeirra störf. Markmannsþjálfararnir eru:

Baldvin Guðmundsson, Elías Örn Einarsson, Eyþór Ólafur Frímannsson, Gísli Einarsson, Gunnar Sigurðsson, Páll Gísli Jónsson, Sandra Sigurðardóttir, Valþór Hilmar Halldórsson, Þorleifur Óskarsson og Þorsteinn Magnússon.

Að lokum

Í grasrótastarfinu er höfð að leiðarljósi sú meginregla að knattspyrna er fyrir alla, óháð staðsetningu, kyni, aldri, getu eða líkamlegu atgervi. Við getum verið stolt af öllu okkar mikla grasrótastarfi í knattspyrnunni um allt land. Þetta starf er að stærstu leyti unnið í sjálfböðavinnu á félagslegum grunni hjá aðildarfélögum KSÍ, sem verður seint fullþakkað.

Það er alveg ljóst að við stöndum framfarlega miðað við þær þjóðir sem við miðum okkur helst við, en verðum samt ávallt að vera á tánum og halda ótrauð áfram að kynna knattspyrnuna fyrir sem flestum með fræðslu, fjármagni og almennri kynningu. Nú með glæsilegum árangri landsliða okkar og þá sérstaklega A-landsliðs karla eykst áhuginn vonandi enn frekar og þurfum við að nota þann meðbyr til enn betri verka.

Samnefndarmönnum mínum, starfsmönnum útbreiðslunefndar, sem og öðru starfsfólki KSÍ þakka ég ánægjulegt og gott samstarf. Einnig vil ég þakka öllum þeim sem unnu að grasrótastarfi innan knattspyrnunnar á einn eða annan hátt fyrir þeirra mikla og óeingingjarna starf.

Vignir Már Þormóðsson, formaður

Skýrsla hæfileikanefndar

Í hæfileikanefnd árið 2015 sátu Þórarinn Gunnarsson formaður, Einar Hermannsson, Hjördís Baldursdóttir, Kristbjörg Ingadóttir, Jóhann Torfason, Unnsteinn Jónsson og Þorsteinn Hilmarsson. Starfsmaður nefndarinnar og umsjónarmaður með hæfileikamótun KSÍ árið 2015 var Halldór Björnsson.

Hæfileikanefnd KSÍ er skipuð og starfar samkvæmt ákvæði 29. greinar laga KSÍ og er ætlað að skipuleggja í samráði við landsliðsnefndir hæfileikamótun yngri leikmanna.

Lykilverkefni nefndarinnar er hæfileikamótun KSÍ og N1, sem var í umsjón Halldórs Björnssonar. Halldór fór vítt og breitt um landið, fundaði með fulltrúum félaga, hélt fyrirlestra fyrir iðkendur og stjórnaði æfingum. Yfir 550 leikmenn tóku þátt í æfingunum, mun fleiri en 2014 þar sem æfingum á höfuðborgarsvæðinu var fjölgað um helming. Hæfileikamótun er fyrir stelpur og stráka 13-14 ára.

Helstu markmið hæfileikamótunar KSÍ og N1:

- Fjölga þeim leikmönnum sem fylgst er með.
- Fylgjast með yngri leikmönnum en áður og undirbúa þá fyrir hefðbundnar landsliðsæfingar.
- Koma til móts við minni staði á landsbyggðinni og mæta þeirra þörfum.
- Koma til móts leikmenn stærri félaga á höfuðborgarsvæðinu sem að öllu jöfnu væru ekki valdir á landsliðsæfingar.
- Bæta samskipti við aðildarfélögin og kynna fyrir þeim stefnu KSÍ í landsliðsmálum.
- Undirbúa leikmenn enn betur til þess að mæta á landsliðsæfingar seinna með fræðslu.

Lokaorð

Ég vil þakka meðnefndarmönnum og starfsmanni nefndarinnar fyrir gott starf á árinu.

Þórarinn Gunnarsson, formaður

Úrtökumót KSÍ 2015 – Drengir f. 2000

Félag	Nafn	Félag	Nafn
Afturelding	Bjarki Steinn Bjarkason	ÍBV	Pormar Elvarsson
Afturelding	Viktor Marel Kjærnested	KA	Angantýr Máni Gautason
Breiðablik	Elías Rafn Ólafsson	Keflavík	Ísak Óli Ólafsson
Breiðablik	Patrik S. Gunnarsson	Keflavík	Sindri Snær Hleiðarsson
Breiðablik	Brynjólfur Darri Willumsson	KR	Oddur Ingi Bjarnason
Breiðablik	Gabriel Þór Stefánsson	KR	Viktor Lárusson
Breiðablik	Ísak Eyþór Guðlaugsson	KR	Hjalti Sigurðsson
Breiðablik	Kolbeinn Þórðarson	Leiknir R.	Sævar Atli Magnússon
Breiðablik	Arnór Borg Guðjohnsen	Leiknir R.	Daníel Finns Matthíasson
Breiðablik	Þorbergur Þór Steinarsson	Leiknir F.	Kifah Moussa Mourad
FH	Atli Hrafnkelsson	Njarðvík	Brynjar Atli Bragason
FH	Leó Þórisson	Njarðvík	Atli Geir Gunnarsson
FH	Jón Eyjólfur Guðmundsson	Sindri	Ísar Karl Arnfinnsson
Fjölnir	Kristján Ari Jóhannsson	Stjarnan	Nökkvi Nökkvason
Fram	Már Ægisson	Stjarnan	Lárus Björnsson
Fram	Unnar Steinn Ingvarsson	Stjarnan	Páll Hróar Helgason
Fram	Haraldur Einar Ásgrímsson	Stjarnan	Jón Alfreð Sigurðsson
Fram	Viktor Gísli Hallgrímsson	Stjarnan	Gústaf Lúðvíksson
Fylkir	Birkir Eyþórsson	Tindastóll	Jóhann Daði Gíslason
Grindavík	Viktor Guðberg Hauksson	Tornado M	Alexander Guðni Jakobsson
Haukar	Dagur Dan Þórhallsson	Valur R	Cristian Andres Catano
Haukar	Þórir Jóhann Helgason	Víkingur R.	Emil Andri Auðunsson
HK	Viktor Máni Róbertsson	Víkingur R.	Viktor Örlygur Andrason
HK	Alexander Þór Ólafsson	Víkingur R.	Kolbeinn Theodórsson
Huginn	Stefán Ómar Magnússon	Víkingur R.	Sverrir Páll Hjaltested
IK Sirius	Júlíus Andres Birk Brekkan	Víkingur Ó.	Ívar Reynir Antonsson
ÍA	Ísak Máni Sævarsson	Víkingur Ó.	Sumarliði Kristmundsson
ÍA	Þór Lórenz Þórðarson	Völsungur	Daníel Már Hreiðarsson
ÍA	Sigurður Hrannar Þorsteinsson	Þór	Hermann Helgi Rúnarsson
ÍBV	Grétar Þorgils Grétarsson	Þróttur R.	Andri Sævarsson
ÍBV	Daníel Már Sigmarsson		

Úrtökumót KSÍ 2015 – Stúlkur f. 2000

Félag	Nafn	Félag	Nafn
Afturelding	Kristín Erla Guðmundsdóttir	ÍBV	Inga Birna Sigursteinsdóttir
Afturelding	Guðrún Elísabet Björgvinsdóttir	KA	Rakel Sjöfn Stefánsdóttir
BÍ	Auður Líf Benediktsdóttir	KA	Rósa Dís Stefánsdóttir
Breiðablik	María Björg Fjölnisdóttir	KA	Berglind Baldursdóttir
Breiðablik	Valdís Björg Sigurbjörnsdóttir	KA	Arna Kristinsdóttir
Breiðablik	Sólveig Jóhannesdóttir Larsen	Keflavík	Viktoría Sól Sævarsdóttir
Breiðablik	Freyja Rún Hilmarsdóttir	KF	Ingibjörg Einarsdóttir
Dalvík	Snædís Ósk Aðalsteinsdóttir	Selfoss	Unnur Dóra Bergsdóttir
FH	Aníta Dögg Guðmundsdóttir	Sindri	Ylfa Beatrix N. Stephensdóttir
FH	Aþena Þöll Gunnarsdóttir	Sindri	Regielly Oliveira Rodrigues
FH	Kristín Fjóla Sigbórsdóttir	Stjarnan	Elín Helga Ingadóttir
FH	Guðný Árnadóttir	Stjarnan	Erna Margrét Magnúsdóttir
Fjölnir	Rósa Pálsdóttir	Tindastóll	Laufey Halldórsdóttir
Fylkir	Berglind Björnsdóttir	Tindastóll	Berglind Ósk Skaptadóttir
Grindavík	Kristín Anitudoóttir Mcmillan	Valur	Diljá Hilmarsdóttir
Grindavík	Telma Lind Bjarkadóttir	Valur	Miljana Ristic
Grindavík	Áslaug Gyða Birgisdóttir	Valur	Hlín Eiríksdóttir
Gróttta	Berta Sóley Sigtryggsdóttir	Valur	Eygló Þorsteinsdóttir
Haukar	Alexandra Jóhannsdóttir	Valur	Rosalie Rut Sigrúnardóttir
Haukar	Katrín Hanna Hauksdóttir	Víkingur Ó	Kristín Olsen Óskarsdóttir
Haukar	Þórdís Elva Ágústsdóttir	Víkingur Ó	Birta Guðlaugsdóttir
HK	Sara Kristín Víðisdóttir	Völsungur	Alexandra Dögg Einarsdóttir
Höttur	Brynhildur Brá Gunnlaugsdóttir	Völsungur	Arnhildur Ingvarsdóttir
Höttur	Kolbrá Arna Sigurþórsdóttir	Þór	Hulda Björg Hannesdóttir
ÍA	Fríða Halldórsdóttir	Þór	Sigrún Kjartansdóttir
ÍA	Karen Þórisdóttir	Þróttur R	Sóley María Steinarsdóttir
ÍA	Elísa Eir Ágústsdóttir	Þróttur R	María Björt Hjálmarsdóttir
ÍA	Bergdís Fanney Einarsdóttir	Þróttur R	Friðrika Arnardóttir
ÍBV	Eva Lind Ingadóttir	Þróttur R	Stefanía Ragnarsdóttir

Knattspyrnuskóli KSÍ - Drengir fæddir 2001

Félag	Nafn
Afturelding	Ísak Snær Þorvaldsson
BÍ/Bolungarvík	Þórður Gunnar Hafþórsson
Breiðablik	Steinar Hákonarson
Dalvík	Sveinn Margeir Hauksson
FH	Einar Örn Harðarson
Fjölnir	Hilmir Hrafnsson
Fram	Aron Snær Ingason
Fylkir	Stígur Annel Ólafsson
Grindavík	Dusan Lukic
Gróttta	Daði Már Patrekkur Jóhannsson
Hamar	Vadim Senkov
Haukar	Brynjar Bjarkason
HK	Jón Kristinn Ingason
Hvöt	Anton Ingi Tryggvason
Hörður	Hilmir Freyr Heimisson
Höttur	Guðjón Ernir Hrafnkelsson
ÍA	Benjamín Mehic
ÍBV	Jón Kristinn Elíasson
KA	Ottó Björn Óðinsson
Keflavík	Gunnólfur Björgvin Guðlaugsson
KF	Hrannar Snær Magnússon
KFR	Dagur Þórðarson
Kormákur	Kári Gunnarsson
KR	Sigmundur Núi Tómasson
Njarðvík	Falur Orri Guðmundsson
Reynir S.	Björn Ellert Pálsson
Selfoss	Valdimar Jóhannsson
Sindri	Kári Svan Gautason
Skallagrímur	Brynjar Snær Pálsson
Stjarnan	Helgi Jónsson
Leiknir F.	Sæþór Ívan Viðarsson
Valur R.	Benedikt V. Warén
Víðir	Ronnel Haukur Viray
Víkingur Ó.	Benedikt Björn Ríkarðsson
Víkingur R.	Bjarki Kristjánsson
Völsungur	Atli Barkarson
Þór	Páll Veigar Ingvason
Þróttur R.	Alexander Sigurðarson
Þróttur N.	Adam Örn Guðmundsson
Þróttur V.	Jón Gestur Ben Birgisson

Knattspyrnuskóli KSÍ - Stúlkur fæddar 2001

Félag	Nafn
Afturelding	Eva Rut Áspórsdóttir
BÍ/Bolungarvík	Lára Ósk Albertsdóttir
Breiðablik	Kolbrún Björg Ólafsdóttir
Dalvík	Gunnhildur Lilja Kristinsdóttir
FH	Karólína Lea Vilhjálmsdóttir
Fjölnir	Eva Karen Sigurdórsdóttir
Fram	Ólína Sif Hilmarsdóttir
Fylkir	Brigita Morkute
Grindavík	Andra Björk Gunnarsdóttir
Gróttta	Valgerður Helga Ísaksdóttir
Haukar	Sæunn Björnsdóttir
HK	Margrét Ákadóttir
Hvöt	Tanja Kristín Sindradóttir
ÍBV	Elísa Björk Björnsdóttir
KA	Karen María Sigurgeirsdóttir
Keflavík	Sveindís Jane Jónsdóttir
KF	Rut Jónsdóttir
ÍA	Ásta María Búadóttir
KFR	Birta Númadóttir
KR	Helga Rakel Fjalarsdóttir
Selfoss	Barbára Sól Gísladóttir
Sindri	Edda Björg Eiríksdóttir
Stjarnan	Birna Jóhannsdóttir
Tindastóll	María Dögg Jóhannesdóttir
Leiknir F.	Elísabet Eir Hjálmarsdóttir
Valur Rvk.	Hallgerður Kristjánsdóttir
Valur Rf.	Halldóra Birta Sigfúsdóttir
Víðir	Diljá Hlín Arnardóttir
Víkingur Ó.	Fehima Líf Purisevic
Víkingur R.	Ísabella Ösp Herbjörnsdóttir
Völsungur	Krista Eik Harðardóttir
Þór	Hulda Karen Ingvarsdóttir
Þróttur R.	Jóhanna Helgadóttir
Þróttur N.	Jóhanna Lind Stefánsdóttir
Þróttur V.	Erin Elísabet Jackson

Markmannsskóli KSÍ – 4. flokkur karla

Félag	Nafn
Afturelding	Cecilía Rán Rúnarsdóttir
Afturelding	Þorsteinn Leó Gunnarsson
BÍ/Bolungarvík	Hilmir Hallgrímsson
Breiðablik	Vilhelm Þráinn Sigurjónsson
Breiðablik	Steinþór Víkingur Óskarsson
FH	Sindri Snær Vilhjálmsson
FH	Alex Már Júlíusson
Fjarðabyggð	Börkur Marinósson
Fjarðabyggð	Guðjón Berg Stefánsson
Fylkir	Magnús Orri Fjölvarsson
Fylkir	Ólafur Kristófer Helgason
Grindavík	Maríus Máni Karlsson
Gróttta	Krummi Kaldal Jóhannsson
Hamar	Sigurður Ísak Ævarsson
HK	Benedikt Þorsteinsson
HK	Ólafur Örn Ásgeirsson
ÍA	Gylfi Karlsson
ÍA	Oliver Helgi Pálsson
ÍR	Adam Thorstensen
ÍR	Róbert Helgason
KA	Arnór Ísak Haddsson
KA	Grímur Már Arnarsson
Keflavík	Helgi Bergmann Hermannsson
Keflavík	Fannar Freyr Einarsson
KFR	Þorgils Gunnarsson
KR	Sigurpáll Sören Ingólfsson
Leiknir R.	Jakub Buraczewski
Skallagrímur	Davíð Pétursson
Stjarnan	Bjarki Arnaldarson
Stjarnan	Viktor Reynir Oddgeirsson
Valur	Kári Grétar Örvarsson
Valur	Jóhann Bjarkar Þórsson
Víkingur R.	Jóhann Þór Vilhjálmsson
Víkingur R.	Logi Heiðar Másson
Völsungur	Stefán Óli Hallgrímsson
Þór	Auðunn Ingi Valtýsson
Þór	Viktor Jörvar Kristjánsson
Þróttur R.	Máni Hrafn Bergmann Maronsson
Þróttur R.	Eiður Orri Elmarsson

Markmannsskóli KSÍ – 4. flokkur kvenna

Félag	Nafn
Breiðablik	Birgitta Eysteinsdóttir
FH	Hulda Þórlaug Þormar
FH	Álfheiður Dís Stefánsdóttir
Fjarðabyggð	Dagný Alda Hauksdóttir
Fjölirnir	Silja Rut Rúnarsdóttir
Fjölirnir	Katrín María Hilmarsdóttir
Fram	Perla Vilbergsdóttir
Fylkir	Gunnhildur Ottósdóttir
Grindavík	Anna Margrét Lucic
Gróttta	Jenný Guðmundsdóttir
Gróttta	Thelma Rut Elíasdóttir
Höttur	Elísabet Arna Gunnlaugsdóttir
ÍA	Arnheiður Anna Hallvarðsdóttir
ÍA	Ína M. Sigurðardóttir
ÍR	Elísabet Lilja Ísleifsdóttir
KA	Íris Orradóttir
KA	Jóna Margrét Arnarsdóttir
Keflavík	Erna Björg Rán Arnardóttir
Keflavík	Sigrún Björk Sigurðardóttir
KR	Katrín Kristjánsdóttir
Selfoss	Ísabella Rán Bjarnadóttir
Selfoss	Elínborg Guðmundsdóttir
Skallagrímur	Emma Sól Andersdóttir
Stjarnan	Anna Ragnhildur Sól Ingadóttir
Stjarnan	Katrín Pála Winkel
Valur	Auður Sveinbjörnsdóttir
Valur	Bryndís Gunnarsdóttir
Víkingur Ó.	Aníta Ólafsdóttir
Völsungur	Ríkey Sigurgeirsdóttir
Þór	Dagbjört Elva Kristjánsdóttir
Þróttur R.	Soffía Sól Andrésdóttir

Skýrsla mannvirkjanefndar

Í mannvirkjanefnd sátu eftirtaldir árið 2014: Gísli Gíslason, formaður, Bjarni Þór Hannesson, Margrét Leifsdóttir, Kristján Ásgeirsson, Jón Runólfsson, Rúnar V. Arnarson og Þorbergur Karlsson. Starfsmaður nefndarinnar var Jóhann G. Kristinsson. Nefndin hélt 7 bókaða fundi á starfsárinu.

Að venju var farið yfir ástand valla og aðstöðu vegna afgreiðslu á vallarleyfum. Talsvert hefur áunnist í framkvæmdum við velli og á flestum leikvöllum minniháttar atriði sem félögin þurfa að lagfæra þegar tekið er mið af í hvaða flokk völlum er raðað. Helstu atriði sem þarfnast úrbóta eru tengd aðstöðu áhorfenda og frágangi á áhorfendastúkum. Þá fór nefndin að venju yfir umsóknir um framlög úr Mannvirkjasjóði KSÍ.

Mannvirkjanefndin fór í byrjun septembermánaðar í heimsókn á Hlíðarenda og fékk þar góða samantekt um lagningu gervigrass á völlum Valsmanna og fyrirhugaðar framkvæmdir.

Í ágúst mánuði fóru þrír fulltrúar mannvirkjanefndar á norrænan mannvirkjanefndarfund í Noregi þar sem verkefni á Íslandi voru kynnt og hlustað á fyrirlestra um uppbyggingu knattspyrnumannvirkja á Norðurlöndum og í Lettlandi. M.a. var talsvert fjallað um gervisgrasvelli og umhirðu þeirra, hlutverk "hat trick" verkefnis UEFA, hlufall gervigrasvalla og grasvalla í efstu deildum á Norðurlöndum.

Mannvirkjanefnd fór yfir efni reglugerðar um knattspyrnuleikvanga og lagði til nokkrar breytingar á gildandi reglugerð. M.a. var ákvæðum varðandi kurl í gervigrasi breytt, ákvæði um lýsingu á völlum endurbætt, ákvæði um undirhitun og vökvunakerfi breytt auk smærri atriða sem þörfuðust lagfæringar. Þá voru sett inn skýrari ákvæði um úttektir á gervigrasi og staðla vegna grasvalla. Áréttað var með skýrari hætti að eigandi vallar beri ábyrgð á lögbundnum úttektum þegar völlum er tekinn í notkun.

Nefndin fjallaði um framkvæmdir við endurnýjun vallarljósa í Laugardal, en framkvæmdum við nýja flóðlýsingu lauk á haustdögum.

Teknar voru saman upplýsingar um knattspyrnuhús á Íslandi m.a. vegna fyrirspurnar frá Færeyjum.

Á haustdögum varð mikil umræða um notkun á endurunnu gúmmí í kurla á gervigrasi. Niðurstaða mannvirkjanefndar, sem staðfest var af stjórn KSÍ, var að setja eftirfarandi ákvæði í reglugerð um knattspyrnuleikvanga: "Kurl í grasi skal vera af viðurkenndri gerð, ljóst að lit og án efna sem teljast skaðleg heilsu eða mengandi". Mikilvægt er að taka mið af þessari breytingu við endurnýjun gervigrasvalla og sparkvalla sem eru með endurunna hjólbarða sem kurl.

Í nóvember tóku FH-ingar í notkun nýtt íþrottamannvirki, sem er Dvergurinn, yfirbyggt knatthús, sem er eilítið minna en Risinn. Í Kaplakrika er unnið að undirbúningi þriðja knatthússins, sem verður í fullri stærð. Gervigras var endurnýjað á nokkrum leikvöllum og sem fyrr segir var lagt nýtt gervigras á Hlíðarenda.

Á árinu 2016 tekur við nýtt tímabil svonefnd "Hat trick" verkefnis, sem er framlag UEFA til mannvirkjagerðar. Tímabilið nær til ársins 2019. Nokkur mannvirki eru í undirbúningi hjá félögum og nefnt hefur verið að áhugavert sé að ráðast í endurnýjað sparkvallaráttak.

Loks var nokkur umræða um endurnýjaðan Laugardalsvöll, en á vegum stjórnar KSÍ hefur verið unnið að forathugun á möguleikum þess að ráðast í nauðsynlegar framkvæmdir við völlum, sem m.a. felast í stækkun á aðstöðu áhorfenda og endurnýjun á leikvöllum sjálfum.

Gísli Gíslason, formaður

Heiðursviðurkenningar

Eftirtaldir fengu heiðursviðurkenningu frá KSÍ á árinu:

Nafn	Félag	Viðurkenning
Ólafur Þór Guðbjörnsson	KSÍ	Gull
Karen Espelund	Noregur/UEFA	Gull
Óskar Sigurðsson	Selfoss	Silfur
Árni Óðinsson	Þór A	Gull
Friðrik Adolfsson	Þór A	Silfur
Gunnar Austfjörð	Þór A	Silfur
Gunnþór Kristjánsson	Þór A	Silfur
Hanna Dóra Markúsdóttir	Þór A	Silfur
Heimir Guðlaugsson	Þór A	Silfur
Inga Huld Pálsdóttir	Þór A	Silfur
Jóhanna Jessen	Þór A	Silfur
Júlíus Tryggvason	Þór A	Silfur
Kolbrún Jónsdóttir	Þór A	Silfur
Lárus Orri Sigurðsson	Þór A	Silfur
Páll Jóhannesson	Þór A	Silfur
Ragnheiður Jakobsdóttir	Þór A	Silfur
Sigurður Lárusson	Þór A	Silfur
Skapti Hallgrímsson	Þór A	Silfur
Þóroddur Hjaltalín jr.	Þór A	Silfur